

# SKÝRSLA STJÓRNAR OG NEFNDA HJÚKRUNARRÁÐS LANDSPÍTALA STARFSÁRIÐ 2013-2014



LANDSPÍTALI  
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

**Efnisyfirlit**

|  |    |
|--|----|
| Stjórn hjúkrunarráðs Landspítala 2013-2014 .....   | 4  |
| Fundir stjórnar hjúkrunarráðs.....   | 5  |
| Opnir fundir hjúkrunarráðs .....   | 6  |
| Helstu umfjöllunarefni hjúkrunarráðs 2013 - 2014 .....   | 7  |
| Önnur mál .....  | 13 |
| Nefndir hjúkrunarráðs .....  | 14 |
| Skýrsla fræðslunefndar.....  | 14 |
| Skýrsla stöðunefndar.....  | 15 |
| Skýrsla kjörnefndar.....   | 15 |
| Nefndir á vegum Landspítala með fulltrúa sem hjúkrunarráð tilnefnið .....                                  | 16 |
| Skýrsla vísindaráðs Landspítala starfsárið 2013 .....  | 16 |
| Ársskýrsla stýrinesfndar um skráningu hjúkrunar 2013.....  | 20 |
| Störf siðfræðinefndar Landspítala 2013-2014 .....  | 24 |
| Ársskýrsla eftirlitsnefndar um rafræna sjúkraskrá .....  | 25 |
| Ársskýrsla siðanefndar .....   | 26 |
| Fylgiskjöl.....  | 28 |
| Fylgiskjal nr. 1. Aðalfundur hjúkrunarráðs 23. október 2013.....   | 28 |
| Fylgiskjal nr. 2. Opinn fundur hjúkrunarráðs – skilvirkir verkferlar .....                                 | 31 |
| Fylgiskjal nr. 3. Opinn fundur hjúkrunarráðs – Spítalinn okkar .....                                       | 32 |
| Fylgiskjal nr. 4. Bréf til Forstjóra og framkvæmdastjórnar Landspítala varðandi öryggismörk hjúkrunar..... | 35 |
| Fylgiskjal nr. 5. Svar frá Forstjóra og framkvæmdastjórn – öryggismörk hjúkrunar .....                     | 36 |
| Fylgiskjal nr. 6. Málþing um réttindi og skyldur hjúkrunarfræðinga í krefjandi starfsumhverfi.....         | 38 |
| Fylgiskjal nr. 7. Ályktun vegna ákæru á hendur spítalanum og starfsmanni hans .....                        | 39 |
| Fylgiskjal nr. 8. Ályktun vegna yfirvofandi verkfalls lækna .....  | 40 |
| Fylgiskjal nr. 9. Umsögn um þingsályktunartillögu um byggingu nýs spítala .....                            | 41 |
| Fylgiskjal nr. 10. Reglulegir fræðslufundir og vika hjúkrunar starfsárið 2013-2014 .....                   | 42 |
| Fylgiskjal nr. 11. Grein formanns hjúkrunarráðs í morgunblaðinu 13. Maí 2013.....                          | 44 |
| Fylgiskjal nr. 12. Heiti veggspjalda og höfundar í viku hjúkrunar 2014 .....                               | 45 |

## Stjórn hjúkrunarráðs Landspítala 2013-2014

### Var skipuð eftirfarandi ljósmæðrum og hjúkrunarfræðingum:

|                            |                              |                      |
|----------------------------|------------------------------|----------------------|
| Guðný Friðriksdóttir       | Formaður                     |                      |
| Guðríður K. Þórðardóttir   | Varaformaður                 |                      |
| Ragnheiður Guðmundsdóttir  | Ritari                       |                      |
| <b>Aðalmenn</b>            | <b>Varamenn</b>              | <b>Svið</b>          |
| Petra Sif Sigmarsdóttir    | Kolbrún Eva Sigurðardóttir   | Skurðlækningasvið    |
| Edda Jörundsdóttir         | Þórhildur Þórisdóttir        | Skurðlækningasvið    |
| Anna Vilbergsdóttir        | Bjarnheiður Ingimundardóttir | Skurðlækningasvið    |
| Edda Sveinsdóttir          | Hilda Friðfinnsdóttir        | Kvenna- og barnasvið |
| María Guðnadóttir          | Halla Skúladóttir            | Kvenna- og barnasvið |
| Halldóra Víðisdóttir       | Júlía Björnsdóttir           | Geðsvið              |
| Guðrún Einarsdóttir        | Sólrún Rúnarsdóttir          | Bráðasvið            |
| Guðrún Dóra Guðmannsdóttir | Ragna Dóra Rúnarsdóttir      | Lyflækningasvið      |
| Áshildur Arnarsdóttir      | Guðrún Kristinsdóttir        | Lyflækningasvið      |
| Steinunn Ingvarsdóttir     | Friðrika Alda Sigvaldadóttir | Lyflækningasvið      |
| Helga Harðardóttir         | Oddný S. Gunnarsdóttir       | Utan klínískra sviða |



Hluti aðal- og varamanna í hjúkrunarráði 2013-2014.

**Nokkar breytingar urðu í stjórn hjúkrunarráðs Landspítala á starfsárinu.** Í upphafi starfsárs lét Heiða Gunnlaugsdóttir aðalmaður á bráðasviði af störfum þar sem hún var komin í annað starf. Varamaður hennar Guðrún Einarsdóttir tók við sem aðalmaður og Sólrún Rúnarsdóttir tók við sem varamaður. Í september síðast liðinn létu Petra Sif Sigmarsdóttir fyrir skurðlækningasvið og Áshildur Arnarsdóttir fyrir lyflækningasvið af störfum en þær eru báðar að fara í fæðingarorlof. Þeirra varamenn, Kolbrún Eva Sigurðardóttir og Guðrún Kristinsdóttir, eru því orðnir aðalmenn. Nýir varamenn voru fundnir í samræmi við starfsreglur en það eru Kristín Sigurðardóttir fyrir skurðlækningasvið og Ingibjörg Bjartmarz fyrir lyflækningasvið.

## Fundir stjórnar hjúkrunarráðs

### Stjórnarfundir

Stjórn hjúkrunarráðs hélt 17 fundi á starfsárinu en auk þess funduðu formaður, varaformaður og ritari reglulega þess á milli.

### Fundir með framkvæmdastjóra hjúkrunar og forstjóra

Formaður hjúkrunarráðs fundaði reglulega með framkvæmdastjóra hjúkrunar. Þar voru rædd ýmis málefni, s.s. áhyggjur af álagi á hjúkrunarfræðinga og mönnun á deildum, réttindi og skyldur hjúkrunarfræðinga í krefjandi starfsumhverfi, staða heilbrigðisstarfsfólks ef mistök verða í starfi og sá farvegur sem þau mál fara í, rætt var almenna notkun verkferla og klínískra leiðbeininga og mikilvægi grunnþátta í hjúkrun.

Framkvæmdastjórn hjúkrunarráðs fór á fundi með forstjóra en þar var m.a. fjallað um hvíldartíma og frítökurétt, skipurit spítalans, fyrirsjáanlegan skort á hjúkrunarfræðingum og um öryggi sjúklinga. Formaður hjúkrunarráðs sótti einnig stjórnendafundi.

### Stefnuráð hjúkrunar

Formaður hjúkrunarráðs tók þátt í stefnuráði hjúkrunar en fundir voru haldnir tvisvar sinnum á síðasta starfsári. Þar var fjallað um mikilvægi góðra samskipta og um ýmsa þætti sem lúta að bættum gæðum hjúkrunar.

### Aðrir fundir

Framkvæmdastjórn hjúkrunarráðs fundaði með formanni Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Ólafi Skúlasyni, auk annarra starfsmanna Fíh. Ólafur kom einnig á fund stjórnar hjúkrunarráðs og sagði frá helstu málefnum og verkefnum hjá félaginu. Einnig fundaði formaður hjúkrunarráðs með formanni læknaaráðs. Þá fundaði formaður hjúkrunarráðs ásamt fleirum úr stjórn hjúkrunarráðs og fræðslunefnd hjúkrunarráðs með forseta heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands, sviðstjóra hjá Embætti landlæknis og starfsmannastjóra Landspítala vegna undirbúnings við málþing um réttindi og skyldur hjúkrunarfræðinga í krefjandi starfsumhverfi. Einnig fundaði formaður með deildarstjóra á deild lyfjamála vegna undirbúnings fyrir lyfjadaginn sem haldinn var í samvinnu við lyfjanefnd Landspítala og læknaaráð Landspítala. Þá tók formaður hjúkrunarráðs einnig virkan þátt í störfum fræðslunefndar hjúkrunarráðs.

Almennt má segja að góð samskipti hafi verið á milli stjórnar hjúkrunarráðs og annarra sem hér hafa verið nefndir.

## Opnir fundir hjúkrunarráðs

Aðalfundur hjúkrunarráðs var haldinn 23. október 2013. Á starfsárinu hafa verið tveir opnir fundir hjúkrunarráðs. Annar um *skilvirka verkferla með Lean Healthcare* og á hinum kynntu fulltrúar samtakanna *Spítalinn okkar* samtökin og stöðuna á uppbyggingu nýs húsnæðis fyrir Landspítala. Fundargerðir þessara funda má sjá í fylgiskjölum nr. 1-3.

### 7. apríl 2014:

#### Efni: Skilvirkir verkferlar með Lean Healthcare

Benedikt Olgeirsson, aðstoðarforstjóri LSH, kynnti hugmyndafræði og innleiðingu Lean Healthcare á Landspítala. Meginmarkmið þess eru að minnka sóun og auka öryggi sjúklunga. Þar kom fram að aðferðafræði Lean byggir á virkri þátttöku allra starfsmanna í þróun verkferla í sínu nærumhverfi með öflugum stuðningi stjórnenda og að notkun rauntímamælinga og árangursvísa sé mikilvægur þáttur í þessu umbótastarfi. Framtíðarsýnin er öflug umbótamenning þar sem stöðugar umbætur á verkferlum verða órjúfanlegur hluti af starfsemi spítalans. Sigríður Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar tók til máls og fjallaði m.a. um mikilvægi þess að unnið sé að því að bæta öryggi sjúklunga og horfa til þess hvernig hægt sé að fyrirbyggja mistök. Guðrún B. Sigurbjörnsdóttir deildarstjóri tók einnig til máls og fjallaði m.a. um mikilvægi þess að draga úr sóun og minnka bið í samvinnu við starfsfólk.

### 18. september 2014

#### Efni: Spítalinn okkar, kynning á samtökunum og stöðunni á uppbyggingu nýs húsnæðis fyrir Landspítala

Anna Stefánsdóttir, formaður samtakanna *Spítalinn okkar* og Jóhannes M. Gunnarsson, læknir, kynntu samtökin og stöðuna á uppbyggingu nýs húsnæðis fyrir Landspítala. Þar kom fram að tilgangur félagsins er að vinna að nýbyggingu og endurnýjun Landspítala þannig að húsakostur og umhverfi sjúklunga og aðstaða starfsfólks spítalans þjóni nútíma þörfum. Markmið félagsins er að afla stuðnings meðal almennings og stjórnvalda á nauðsynlegum úrbótum á húsakosti spítalans. Rætt var um stöðuna á verkefninu, farið yfir ástand bygginga Landspítala og rætt um áhyggjur fólks af slæmum starfsaðstæðum og ófullnægjandi aðbúnaði sjúklunga.

## Helstu umfjöllunarefni hjúkrunarráðs 2013 - 2014

Helstu umfjöllunarefni hjúkrunarráðs á síðasta starfsári tengdust fjármálum og rekstri spítalans, miklu álagi starfsfólks, fyrirsjáanlegum skorti á hjúkrunarfræðingum og öðru heilbrigðisstarfsfólki og yfirlögnum. Þá var mikið rætt um réttindi og skyldur hjúkrunarfræðinga í krefjandi starfsumhverfi sem og ákæru á hendur Landspítala og starfsmanni hans í kjölfar andláts sjúklings og hvaða áhrif slík ákæra hefur á starfsumhverfið. Rætt var um úttekt Embættis landlæknis á lyflækningasviði og þær mörgu ábendingar um það sem betur má fara í starfsemi sviðsins. Einnig var rætt um slæmt ástand húsakosts Landspítala og mikilvægi þess að farið verði í framkvæmdir á endurnýjun hans sem allra fyrst. Rætt var um hvíldartíma, frítökurétt og áhyggjur af aukinni kostnaðarþátttöku sjúklunga.

Margir góðir gestir komu á fund hjúkrunarráðs og kynntu verkefni sín. Hjúkrunarráð fékk m.a. kynningu á verkefninu *Góður vinnustaður*, um verkferla og gæðavísa, vinnu við starfsþróunarkerfið, verkefni um mannaflaspá á Landspítala og fleira.

### Öryggismörk hjúkrunar á Landspítala

Rætt var um að vegna viðvarandi mikils álags og aukinna verkefna þurfi að setja einhver mörk eða viðmið um það hvað hægt sé að leggja á hvern hjúkrunarfræðing. Í framhaldi af því sendi hjúkrunarráð forstjóra og framkvæmdastjórn Landspítala bréf þess efnis og var afrit sent til heilbrigðisráðherra, landlæknis og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Í bréfinu var farið fram á að viðurkennd öryggismörk, er varða hjúkrunarálag á deildum, verði skilgreind og lögð verði fram viðbragðsáætlun sem hægt er að virkja þegar álag fer yfir skilgreind mörk. Sjá má bréfið og svar frá forstjóra og framkvæmdastjórn í fylgiskjölum nr. 4 og 5.

### Málþing um réttindi og skyldur hjúkrunarfræðinga í krefjandi starfsumhverfi

Í hjúkrunarráði var fjallað um réttindi og skyldur hjúkrunarfræðinga og mikilvægi þess að starfsfólk þekki bæði réttindi sín og skyldur í krefjandi starfsumhverfi. Í framhaldi af því vann framkvæmdastjórn hjúkrunarráðs ásamt fræðslunefnd hjúkrunarráðs að málþingi um réttindi og skyldur hjúkrunarfræðinga í krefjandi starfsumhverfi sem var síðan haldið í samstarfi við Háskóla Íslands, Embætti landlæknis og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga. Sjá fylgiskjal nr. 6.

### Ákæra á hendur Landspítala og starfsmanni hans

Ákæran á hendur spítalanum og starfsmanni hans var rædd og í kjölfar ákærunnar sendi hjúkrunarráðs frá sér eftirfarandi ályktun:

*„Landspítala og hjúkrunarfræðingi á gjörgæsludeild hefur nú verið birt ákæra vegna atviks á árinu 2012. Hjúkrunarráð Landspítala harmar þetta atvik þar sem maður lést og vottar aðstandendum hans dýpstu samúð. Hjúkrunarráð hefur ítrekað bent á að álag á Landspítalanum sé of mikið og að starfsaðstæður séu víða óviðunandi. Staðan sem nú er upp komin veldur óvissu og mun breyta starfsumhverfi allra heilbrigðisstarfsmanna. Hjúkrunarráð Landspítala fer fram á það við stjórnvöld og stjórnendur spítalans að sett verði viðurkennd öryggismörk hjúkrunar. Jafnframt þarf að leggja fram viðbragðsáætlun við frávikum, með öryggi sjúklunga og heilbrigðisstarfsmanna að leiðarljósi.“*

Ályktunin var send til forstjóra og framkvæmdastjórnar Landspítala, landlæknis, heilbrigðisráðherra og fjölmiðla. Fylgiskjal nr. 7. Frétt um ályktunina birtist m.a. á [visir.is](http://visir.is), [mbl.is](http://mbl.is) og á [ruv.is](http://ruv.is).

### **Yfirlagnir - Flæðismál**

Hjúkrunarráði hefur verið tíðrætt um álag á starfsfólki Landspítala, yfirlagnir og gangalagnir á ýmsum deildum hans. Á síðasta ári hefur rúmanýting á mörgum deildum verið í kringum 100% en æskileg rúmanýting er um 80-85%. Einnig er það áhyggjuefni að Landspítali skuli vera það þétt setinn að erfiðleikum sé bundið að taka við innlögnum á bráðadeildir spítalans.

Stjórn hjúkrunarráðs þykir ljóst að bæta þurfi við rúmafjölda á spítalanum.

### **Mönnunarmál**

Talsverð umræða var um fyrirsjáanlegan skort á hjúkrunarfræðingum. Samkvæmt upplýsingum frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga eiga um 600 hjúkrunarfræðingar rétt á að fara á eftirlaun á næstu tveimur árum en einungis 280 hjúkrunarfræðingar eru að útskrifast. Einnig eru margir hjúkrunarfræðingar komnir með starfsleyfi erlendis. Hjúkrunarráð leitaði eftir upplýsingum um stöðuna á Landspítalanum. Í ljós kom að þeim tölum hefur ekki verið safnað miðlægt heldur sér hvert svið um að halda utan um sínar tölur. Framkvæmdastjórn hjúkrunarráðs telur það mjög mikilvægt að haldið sé utan um þessar upplýsingar á einum stað til þess að hægt sé að fylgjast betur með þróun mála og var bréf þess efnis sent til starfsmannastjóra.

Rætt var um mikilvægi Rafela sjúklingaflokkunarkerfisins til að hægt sé meta álag á deildum. Markmið með kerfinu eru m.a. að haga mönnun í hjúkrun á þann hátt að hún sé í samræmi við hjúkrunarþarfir sjúklingsins og að veita stjórnendum í hjúkrun og þeim sem taka ákvarðanir, rök til þess að nota við daglega áætlunargerð og stefnumótun um mönnun hjúkrunar. Þá hefur Embætti landlæknis bent á það að nota niðurstöðurnar til að ákveða mönnun. Samkvæmt upplýsingum sem finna má í starfsemisupplýsingum Landspítala er mönnun lyflækningasviðs og skurðlækningasviðs undir æskilegum mörkum miðað við hjúkrunarþyngd. Stjórn hjúkrunarráðs þykir ljóst að bæta þurfi í mönnun.

## Verkfall lækna

Rætt var um yfirvofandi verkfall lækna sem boðað var í október 2014 og sendi stjórn hjúkrunarráðs frá sér eftirfarandi ályktun í kjölfarið á því. Sjá fylgiskjal nr. 8. Frétt um ályktunina birtist m.a. í sjónvarpsfréttum Stöðvar 2, á vísir.is, mbl.is og ruv.is.

*„Stjórn hjúkrunarráðs Landspítala lýsir yfir miklum áhyggjum vegna yfirvofandi verkfalls lækna. Læknar eru mikilvægur hluti heilbrigðisþjónustu og mun verkfall þeirra skerða starfsemi hennar verulega. Biðlistar eftir þjónustu munu lengjast og aukið álag verður á aðra heilbrigðisstarfsmenn sem getur haft áhrif á öryggi sjúklinga.*

*Ítrekað hefur verið bent á mikið álag í heilbrigðiskerfinu og skort á læknum og hjúkrunarfræðingum. Bæta þarf kjör og starfsaðstæður þeirra svo heilbrigðiskerfið á Íslandi verði samkeppnishæft við önnur lönd.*

*Mikilvægt er að horfa til framtíðar og tryggja að hér verði til staðar heilbrigðisstarfsfólk með færni, reynslu og þekkingu svo hægt sé að veita góða heilbrigðisþjónustu.*

*Stjórn hjúkrunarráðs hvetur stjórnvöld til að koma til móts við lækna í þessari deilu og leysa úr henni sem allra fyrst.“*

## Hvíldartímar og frítökuréttur

Rætt var um mikilvægi þess að farið sé eftir reglum EES um hvíldartíma og frítökurétt á Landspítala til að stuðla að auknu öryggi sjúklinga og starfsfólks. Einnig var rætt um hvort mismunur sé á því eftir sviðum og deildum, hvernig reglunum er framfylgt og var fyrirspurn þess efnis send til starfsmannastjóra í september. Svar er ókomið en er væntanlegt.

## Áhyggjur af aukinni kostnaðarþátttöku sjúklinga

Umræða var um áhyggjur hjúkrunarfræðinga af auknum kostnaði fyrir sjúklinga vegna heilbrigðisþjónustu. Rætt var um að hafa opinn fund eða málþing um réttindi sjúklinga til heilbrigðisþjónustu tengt kostnaði undir heitinu *Jafnræði til heilbrigðisþjónustu*.

## Nýtt skipurit


Forstjóri kynnti fyrirhugaðar breytingar á skipuriti s.l. vor fyrir framkvæmdastjórn hjúkrunarráðs og óskaði eftir athugasemdum.

Á fundinum ræddi forstjóri um að einungis ætti að fara í breytingar á neðri hluta skipuritsins þ.e. breytingar tengdar klínísku sviðunum. Breytingarnar fælust fyrst og fremst í fjölgun sviða og að stærð þeirra yrði jöfnuð með endurskipulagningu. Aðrir þættir í skipuritinu yrðu skoðaðir síðar. Framkvæmdastjórn hjúkrunarráðs leist vel á fyrirhugaðar breytingar á skipuritinu en gerði jafnframt eftirfarandi athugasemdir við efri hluta skipurits Landspítala:


1. Að tenging milli forstjóra Landspítala og lækna- og hjúkrunarráðs verði sýnilegri á skipuriti
2. Að framkvæmdastjóri hjúkrunar og framkvæmdastjóri lækninga verði sýnilegri á skipuritinu
3. Að skýrara verði á skipuriti hvaða starfsemi heyri undir skrifstofu forstjóra
4. Að starfsmannastjóri verði sýnilegur á skipuriti



Skipurit Landspítala fyrir breytingar 2014



Nýtt skipurit Landspítala



## Kynningar og góðir gestir

Stjórn hjúkrunarráðs fékk marga góða gesti á fund til sín til að kynna og ræða ýmis verkefni sem unnið er að á Landspítala

### Mönnunarmódel og mannaflaspá

Stjórn hjúkrunarráðs fékk Maríu Heimisdóttur, framkvæmdastjóra fjármálasviðs, á fund ráðsins og kynnti hún verkefni varðandi mönnunarmódel og mannaflaspá á LSH. Verkefnið felst m.a. í að kortleggja núverandi stöðu og meta þörf fyrir mannafla í klínískri þjónustu. Horfa þarf til verkefna LSH næstu árin og fá sem besta nýtingu mannaflans. Stærstu stéttirnar á spítalanum eru hjúkrunarfræðingar, læknar, sjúkraliðar og geislafræðingar. Fram kom að mikilvægt er að bæta nýtingu á tíma og þekkingu starfsmanna. Þá er nýliðun stétta mikilvæg.

### Landspítali – góður vinnustaður

Bryndís Hlökkversdóttir starfsmannastjóri LSH kom á fund hjúkrunarráðs. Hún ræddi um verkefnið *Góður vinnustaður* en það hefur verið ofarlega á dagskrá framkvæmdastjórnar LSH frá hausti 2013. Hluti viðspyrnufjár, viðbótarfjárframlag sem veitt var til spítalans við fjárlagagerð í desember 2013, er nýtt í verkefnið. M.a. er unnið að því að bæta starfsaðstöðu starfsfólks, endurnýja ýmis tæki og byrja með nýjungar eins og samgöngustyrki til starfsfólks. Markmiðið er að halda áfram að gera Landspítala að góðum og eftirsóknarverðum vinnustað. Bryndís sagði að ekki ætti að endurtaka starfsánægjukönnun í ár heldur vinna áfram með niðurstöður könnunarinnar frá 2013.

### Verkferlar og gæðavísar

Guðrún Björg Sigurbjörnsdóttir deildarstjóri á Verkefnastofu kynnti LEAN hugmyndafræðina fyrir hjúkrunarráði og var í framhaldi af því ákveðið að hafa opinn fund um *skilvirka verkferla og LEAN Healthcare*.

Elín Hafsteinsdóttir kom á fund hjúkrunarráðs og fjallaði um gæði og gæðavísar innan heilbrigðisþjónustunnar út frá umgjörð (mannafla, búnaði og skipulagi), ferli sjúklingsins innan þjónustunnar og gæði þjónustu fyrir sjúklinginn. Hún benti m.a. á að það er tilgangslaust að mæla og meta ef ekki á að bregðast við niðurstöðum.

### Menntun og starfsþróun

Hrund Scheving Thorsteinsson, deildarstjóri menntadeildar á vísinda- og þróunarviði, kom á fund hjúkrunarráðs og kynnti starfsemi deildarinnar. Verkefni menntadeildar eru ýmisleg en helstu málaflokkar eru:

- a) yfirsýn og utanumhald um nemendur í heilbrigðisvísindagreinum í klínísku nám á LSH
- b) samskipti og samningagerð við menntastofnanir
- c) fagleg starfsþróun þ.m.t. endurlífgunarfræðsla
- e) yfirllestur fræðsluefnis fyrir sjúklinga

Halldóra Víðisdóttir, fulltrúi hjúkrunarráðs í nefnd sem skipuð var af framkvæmdastjóra hjúkrunar til að endurskoða og leggja til breytingar á starfsþróunarkerfinu, kynnti stjórn hjúkrunarráðs vinnu sína í nefndinni og þær hugmyndir og tillögur sem verið væri að vinna með og var verkefnið rætt.

Nefndin hefur nú skilað tillögum sínum og voru niðurstöður hennar kynntar fyrir deildarstjórum, mannauðsráðgjöfum og framkvæmdastjórum klínískra sviða í maí og litið svo á að tillögur nefndarinnar um breytingar væru samþykktar.

Í vinnu nefndarinnar var tekið tillit til umræðna á meðal hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra, álits deildarstjóra hjúkrunar og þarfa Landspítala fyrir sértæka þekkingu, þjálfun og hæfni hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra. Kallað var m.a. eftir einföldun á kerfinu, aukinni aðkomu fagráða og auknum sveiganleika. Nefndinni var ekki ætlað að fjalla um launasetningu

Helstu breytingar sem voru gerðar eru eftirfarandi: Hjúkrunarfræðingar/ljósmæður sem starfa á LSH eiga að stunda starfsþróun/endur- og símenntun að lágmarki 40 stundir á ári, en mun fleiri þættir teljast nú til starfsþróunar; starfslýsingar, hæfniviðmið og mat deildarstjóra á hæfni starfsmanna fá meira vægi; sveiganleiki kerfisins var aukinn og „skyldunámskeiðum“ fækkað til muna og þannig gert ráð fyrir að auknu svigrúmi fyrir aðkomu fagráða. Jafnframt var lagt til að tími í starfslýsingu A geti, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, styst í 8 mánuði úr 12 mánuðum. Að auki var lagt til að við flutning milli starfslýsinga eða þrepa innan starfslýsinga væri miðað við fjölda vakta í stað árafjölda áður.

#### Innlagnir og flæði sjúklinga

Dagbjört Þyrí Þorvarðardóttir, deildarstjóri flæðisdeildar, kom á fund hjúkrunarráðs. Hún ræddi ferli innlagna á Landspítala og flæði sjúklinga á milli deilda þar sem megináhersla er lögð á ábyrgð sviða og deilda gagnvart bráðainnlögnum. Hún sagði frá hlutverki innlagnastjóra sem m.a. felst í að hafa yfirsýn yfir sjúkrarými hverju sinni, vera í samskiptum bæði við ýmsar stofnanir utan spítalans og flestar deildir spítalans. Innlagnastjóri er jafnframt tengiliður vegna sjúkraflutninga Íslendinga erlendis frá.

## Önnur mál

### Umsögn um þingsályktunartillögu um byggingu nýs spítala

Óskað var eftir umsögn hjúkrunarráðs um þingsályktunartillögu um byggingu nýs spítala. Hjúkrunarráð fjallaði um málið og sendi Alþingi umsögn þar sem hjúkrunarráð fagnaði þingsályktunartillögunni og ítrekaði mikilvægi byggingar nýs spítala og endurnýjunar á húsakosti sem fyrst. Sjá fylgiskjal nr. 9.

### Umsögn hjúkrunarráðs varðandi bréf frá speglunardeild

Hjúkrunarráði barst bréf frá trúnaðarmanni á speglunardeild 5. nóvember 2013. Óskað var eftir álit hjúkrunarráðs á stöðu hjúkrunarfræðinga á speglunardeild vegna vanhæfni við útboðsvinnu fyrir deildina. Formaður hjúkrunarráðs vísaði málinu frá sér til varaformanns og ritara vegna tengsla við málið og vék af fundi hjúkrunarráðs. Hjúkrunarráð leitaði ráða hvaða lög ættu við um hæfi og vanhæfi hvað varðar opinber innkaup. Málið var rætt í hjúkrunarráði og komist var að einróma niðurstöðu. Hjúkrunarráð telur að ekki sé um að ræða mat á faglegu hæfi hjúkrunarfræðinga á speglunardeild. Hér er um lagalegt vanhæfi að ræða þar sem vanhæfisástæður séu skv. stjórnsýslulögum og því ekki hjúkrunarráðs að álykta frekar í málinu.

### Magni

Ákveðið var að leggja niður Magna-rannsóknarsjóð á árinu. Það fjármagn sem fyrir er í sjóðnum mun renna inn í Landspítalaskýrslu Íslands sem er í umsjá þróunar- og vísindasviðs Landspítala

### Nýjar tilnefningar í nefndir hjúkrunarráðs á starfsárinu

#### Vísindaráð

Dr. Helga Sif Friðjónsdóttir sagði af sér sem varamaður í vísindaráði. Hjúkrunarráð þakkar henni vel unnin störf. Dr. Þóra Jenný Gunnardóttir var tilnefnd af hjúkrunarráði í hennar stað í vísindaráði.

Fulltrúum í vísindaráði var fjölgað á árinu úr einum aðalmanni og einum varamanni í tvo aðalmenn og tvo varamenn. Dr. Helga Gottfreðsdóttir var tilnefnd sem aðalmaður og Dr. Auðna Ágústsdóttir var tilnefnd sem varamaður í vísindaráði af hjúkrunarráði.

#### Eftirlitsnefnd um rafræna sjúkraskrá

Þorgerður Gunnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur, sagði af sér í eftirlitsnefnd um rafræna sjúkraskrá. Hjúkrunarráð þakkar henni vel unnin störf. Hildur Einarsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun, var tilnefnd í staðinn af hjúkrunarráði.

### Fjarfundir

Í upphafi starfsárs var ekki hægt að vera með fjarfundi á fræðslufundum hjúkrunarráðs vegna tæknilegra vandamála. Nú hefur Landspítalinn tekið í notkun kerfið LYNC sem gerir hjúkrunarráði kleift að vera með fjarfundi og einnig er hægt að taka upp fundi. Nokkrir fræðslufundir hafa nú þegar verið teknir upp og eru komnir á innra netið.

## Nefndir hjúkrunarráðs

### Skýrsla fræðslunefndar

Fræðslunefnd hjúkrunarráðs hefur það hlutverk að skipuleggja reglulega fræðslufundi hjúkrunarráðs og viku hjúkrunar sem haldin er að vori ár hvert. Starfsárið 2013-2014 sátu í fræðslunefndinni sem aðal- og varamenn: Elínborg Stefánsdóttir, Elfa Þöll Grétarsdóttir, Friðrikka Guðmundsdóttir, Guðrún Jónsdóttir, Halla Grétarsdóttir, Hanna Kristín Guðjónsdóttir, Hulda Sveinbjörg Gunnarsdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Margrét Sigmundsdóttir, Sigrún Huld Þorgrímsdóttir og Sólborg Ingjaltdóttir.

Starfsárið 2013 - 2014 voru haldnir 11 fræðslufundir auk 3 fræðslufunda á viku hjúkrunar. Fundirnir voru haldnir í Hringisal og þegar leið á veturinn var hægt að senda þá með nýjum fjarfundabúnaði í Fossvog. Með þessum nýja fjarfundabúnaði er loks hægt að taka upp fræðslufundina og eru nú nokkrir fundir komnir á á netið. Haldin voru tvö málþing á vegum fræðslunefndarinnar. Það fyrra var um réttindi og skyldur hjúkrunarfræðinga í krefjandi starfsumhverfi. Þar voru flutt mörg áhugaverð erindi og pallborðsumræður á eftir. Það var haldið í samstarfi við Fíh, HÍ og Embætti landlæknis og var afar vel sótt. Seinna málþingið var í tengslum við viku hjúkrunar og var haldið í tilefni 10 ára afmælis göngudeildar hjartabilunar.

Vika hjúkrunar var haldin hátíðleg eins og síðustu ár. Tilefni viku hjúkrunar er alþjóðadagur hjúkrunarfræðinga 12. maí sem er fæðingardagur Florence Nightingale og var nú haldin í 9. sinn á LSH. Tilgangur vikunnar er að gera hjúkrun sýnilegri og kynna það þróunar og umbótastarf sem fer fram á spítalanum. Vikan var sett mánudaginn 12. maí af dr.Sigríði Gunnarsdóttur framkvæmdastjóra hjúkrunar og sú nýbreytni var nú að styrkir úr B-hluta vísindasjóðs félags íslenskra hjúkrunarfræðinga voru afhentir við setninguna. Þennan sama dag var áður nefnt málþing í tilefni af 10 ára afmæli göngudeildar hjartabilunar. Á þriðjudeginum var Vilborg Guðnadóttir með erindi um hjúkrunarfræðinginn í hringiðu samskipta og samstarfs. Daginn eftir var Margrét Bárðardóttir með erindi um núvitundariðkund. Á fimmtudeginum voru svo hjúkrunarbúðir í K-byggingunni þar sem yfirskriftin var nýjungar og nauðsynjar í hjúkrun. Þar voru um 20 básar þar sem hjúkrunarfræðingum bauðst að kynna sér og æfa ýmis hjúkrunarviðfangsefni. Þessi viðburður var afar vel sóttur. Síðasta fyrirlestur viku hjúkrunar flutti dr. Helga Sif Friðjónsdóttir. Það voru hugrenningar hjúkrunarfræðing um hvað snýst starfið mitt. Guðný Friðriksdóttir formaður hjúkrunarráðs sleit svo viku hjúkrunar og lauk dagskránni með tónlistaratriði. Auk fyrirlestranna á viku hjúkrunar var hin árlega veggspjaldakynning í Fossvogi og Hringbraut og voru fjölmörg áhugaverð veggspjöld til sýnis.

Ingibjörg Guðmundsdóttir 11. okt. 2014

## Skýrsla stöðunefndar

### Stöðunefnd hjúkrunarráðs 2013 – 2014

Stöðunefnd hjúkrunarráðs tekur til umfjöllunar starfsúmsóknir um stöður hjúkrunardeildarstjóra, yfirljósmóður og sérfræðinga í hjúkrun samkvæmt beiðni framkvæmdastjóra hjúkrunar eða framkvæmdastjóra sviða hverju sinni. Mat stöðunefndar byggist eingöngu á innsendum gögnum. Stöðunefnd leitar ekki eftir viðbótarupplýsingum, heldur er það alfarið á ábyrgð umsækjanda að senda inn þau gögn sem nauðsynleg eru.

Í stöðunefnd árið 2013 – 2014 sátu þrír aðalmenn, það eru :

- Auður Ragnarsdóttir
- Hildur Einarsdóttir
- Kristín Lára Ólafsdóttir

Tveir varamenn voru í nefndinni, það eru :

- Björk Inga Arnórsdóttir
- Hlíf Guðmundsdóttir

Á starfsárinu 2013 – 2014 fékk stöðunefnd til umfjöllunar úmsóknir um tvær stöður hjúkrunardeildarstjóra og fjórar stöður sérfræðinga í hjúkrun. Þetta voru eftirtaldar stöður :

- Hjúkrunardeildarstjóri í á endurhæfingardeild Grensási – ein úmsókn barst
- Hjúkrunardeildarstjóri á hjarta-, lungna- og augnskurðeild 12-E – ein úmsókn barst
- Tvær stöður sérfræðings í lungnahjúkrun – tvær úmsóknir bárust
- Tvær stöður sérfræðings í öldrunarhjúkrun – fjórar úmsóknir bárust.

Nefnin hefur ekki fasta fundi, en er kölluð saman þegar erindi berast.

Reykjavík, 15. september 2014.

F.h. stöðunefndar

*Hildur Einarsdóttir*

Hildur Einarsdóttir

## Skýrsla kjörnefndar

Kjörnefnd annast undirbúning og framkvæmd kosninga í stjórn hjúkrunarráðs og nefndir ráðsins. Starfsárið 2013-2014 voru Valgerður Grímsdóttir, Bylgja Kærnedsted og Ragnheiður Guðmundsdóttir aðalmenn. Varamenn voru Linda Björnsdóttir og Brynhildur Jónasdóttir. Kjörnefnd hittist tvisvar sinnum á starfsárinu.

# Nefndir á vegum Landspítala með fulltrúa sem hjúkrunarráð tilnefnir

## Skýrsla vísindaráðs Landspítala starfsárið 2013

### Vísindasjóður

Vísindasjóður Landspítala er rannsóknarsjóður, sem árlega veitir rúmlega 70 milljónum króna í rannsóknarstyrki til starfsmanna spítalans. Vísindasjóður var formlega stofnaður á árinu 2000 við sameiningu vísindasjóða Landspítala og Sjúkrahúss Reykjavíkur og voru fyrstu styrkveitingar úr sjóðnum á árinu 2002. Stjórn Vísindasjóðs ákveður hverjir fá styrki úr sjóðnum, með hliðsjón af umsögnum frá Vísindaráði Landspítala.

### Stjórn vísindasjóðs Landspítala

Björn Zoëga forstjóri, fyrri hluta árs, formaður

Páll Matthíasson tók við sem forstjóri og formaður Vísindasjóðs

Gísli H. Sigurðsson yfirlæknir og prófessor

Sigríður Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar

Ólafur Baldursson framkvæmdastjóri lækninga

Rúnar Bjarni Jóhannsson deildarstjóri

### Vísindaráð

Vísindaráð er framkvæmdastjórn til ráðgjafar um vísindastefnu og vísindastarf á sjúkrahúsinu gagnvart háskólastofnunum og öðrum. Vísindaráð er vísinda- og þróunarsviði Landspítala til ráðgjafar um þau verkefni þess sem snúa að háskóla- og vísindastarfi og þróun heilbrigðisvísinda.

Vísindaráð á aðild að úthlutun styrkja úr Vísindasjóði LSH samkvæmt reglum sjóðsins, og semur matsreglur í samræmi við alþjóðlegar viðmiðanir, með hliðsjón af matsreglum íslenskra háskóla. Þá er Vísindaráð til ráðgjafar við veitingu viðurkenninga fyrir vísindastörf á spítalanum.

Árlega eru haldnir vísindadagar, Vísindi á vordögum, þar sem vísindaniðurstöður eru kynntar fyrir starfsfólki spítalans, fræðimönnum og almenningi. Einnig eru veitt verðlaun til vísindamanna og styrkir veittir úr Vísindasjóði Landspítala.

Vísindaráð LSH er skipað sjö mönnum til fjögurra ára í senn. Verkefnastjóri Vísindaráðs er Sigríður Sigurðardóttir, vísinda- og þróunarsviði.

### Vísindaráð skipa:

Gísli H. Sigurðsson læknir (formaður), tilnefndur af læknaráði

Herdís Sveinsdóttir hjúkrunarfræðingur (varaformaður), tilnefnd af hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands

Gunnar Guðmundsson læknir, tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands

Halldór Jónsson jr. læknir, tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands

Ingibjörg Hjaltadóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af Hjúkrunarráði

Jón Friðrik Sigurðsson sálfræðingur, tilnefndur af forstjóra Landspítala

Þórarinn Guðjónsson náttúrufræðingur, tilnefndur af forstjóra Landspítala

**Varamenn:**

Einar Stefán Björnsson læknir, tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands  
 Guðrún Kristjánsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands  
 Hannes Petersen læknir, tilnefndur af læknadeild Háskóla Íslands  
 Helga Sif Friðjónsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af Hjúkrunarráði  
 Inga Þórsdóttir næringarfræðingur og hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af forstjóra Landspítala  
 Magnús Gottfreðsson læknir, tilnefndur af læknaáráði  
 Þórður Helgason heilbrigðisverkfræðingur, tilnefndur af forstjóra Landspítala

**Vísindi á vordögum**

Dagskrá Vísinda á vordögum hófst að þessu sinni þann 24. apríl. Aðalfyrirlesari var Jón Friðrik Sigurðsson sálfræðingur og prófessor og nefndist fyrirlestur hans „Hagnýting vísindalegrar þekkingar -Sálfræðilegt mat á framburðum dómfelldu í Guðmundar- og Geirfinnsmálunum“

Heiðursvísindamaður ársins að þessu sinni var Karl G. Kristinsson yfirlæknir sýklafræðideildar og prófessor og ungur vísindamaður ársins var Paolo Gargiulo verkfræðingur á vísinda- og þróunarsviði og héldu þeir báðir erindi.

Veggspjaldasýning var haldin í K-byggingu. Hún var opnuð 24. apríl og stóð í viku. Þar kynntu vísindamenn á LSH verkefni sín og alls voru sýnd 86 veggspjöld.

Á árinu bárust alls 152 styrkumsóknir til Vísindasjóðs. Vísindaráð hafði umsjón með mati umsókna og alls voru á árinu veittir 119 styrkir, samtals 73 milljónir króna, við þrjár úthlutanir:

**Vorstyrkir Vísindasjóðs:** Á vísindadögum voru veittir 106 vísindastyrkir. Samtals 54 millj.kr.


**Hvatningarstyrkir** til sterkra rannsóknahópa sem þegar hefðu öðlast alþjóðlega viðurkenningu. Þrjú styrkir voru veittir 29. nóvember, samtals 9 milljónir kr.

**Styrkir til ungra vísindamanna:** 19. desember voru veittir 10 styrkir til ungra starfsmanna sem stunda klínískar rannsóknir, samtals 10 milljónir króna.

Í lok árs 2013 auglýsti Vísindaráð eftir umsóknum um Nýsköpunarstyrki sem veita á í ársbyrjun 2014. Þetta eru nýir styrkir sem vonandi verður framhald á.

| Styrkir úr Vísindasjóði 2013     | Fjöldi umsókna | Fjöldi veittra styrkja | Upphæð            |
|----------------------------------|----------------|------------------------|-------------------|
| 123 Vorstyrkir                   | 123            | 106                    | 54.000.000        |
| 3 Hvatningarstyrkir              | 15             | 3                      | 9.000.000         |
| 10 Styrkir til ungra rannsakenda | 14             | 10                     | 10.000.000        |
|                                  | <b>152</b>     | <b>119</b>             | <b>73.000.000</b> |





## Hvatningarstyrkir 2013

### Pálmi Jónsson yfirlæknir og prófessor

Lyflækningasvið, öldrunarlækningar

*Samband D-vítamíns búskapar við vitræna getu meðal eldra fólks á Íslandi*

#### Helstu samstarfsmenn:

Alfons Ramel næringarfræðingur, Rannsóknarstofa í næringarfræði LSH og HÍ. Gunnar Sigurðsson yfirlæknir, lyflækningasviði. Lenore J. Launer hjá NIA. Milan Chang Gudjonsson faraldsfræðingur, Rannsóknarstofa HÍ og LSH í öldrunarfræðum. Ólöf Guðný Geirsdóttir, næringarfræðingur hjá Rannsóknastofa Háskóla Íslands og Landspítala í Öldrunarfræði. Tamarra B. Harris, National Institute of Ageing. Thor Aspelund tölfraeðingur, Hjartavernd og HÍ. Vilundur Guðnasson forstöðulæknir og prófessor, Hjartavernd.

### Sigurður Yngvi Kristinsson sérfræðilæknir og prófessor

Lyflækningasvið, blóðlækningar

*Klínískar rannsóknir á góðkynja einstofna mótetnahækkun (MGUS) – fylgikvillar og horfur*

#### Helstu samstarfsmenn:

Vilundur Guðnason forstöðulæknir og prófessor, Hjartavernd. Ola Landgren læknir, National Institute of Health. Magnus Björkholm læknir, Karolinska sjúkrahúsið. Hlíf Steingrimsdóttir yfirlæknir, lyflækningasvið, blóðlækningar. Bjarni A Agnarsson læknir og prófessor, rannsóknarsvið, vefjarannsóknir. Helga Ögmundsdóttir læknir og prófessor.

### Tómas Guðbjartsson yfirlæknir og prófessor

Skurðlækningasvið, hjarta- og lungnaskurðlækningar

*Árangur hjartaáðgerða*

#### Helstu samstarfsmenn:

Martin Ingi Sigurðsson læknir, Arnar Geirsson sérfræðilæknir, skurðlækningasvið, hjarta- og lungnaskurðlækningadeild, Sólveig Helgadóttir læknir, skurðlækningasvið. Ragnar Danielsen sérfræðilæknir, lyflækningasvið, hjartalækningar. Ólafur Skúli Indriðason sérfræðilæknir, lyflækningasvið, nýrnalækningar. Sveinn Guðmundsson yfirlæknir, Blóðbanki. Gísli H. Sigurðsson yfirlæknir og prófessor, skurðlækningasvið, svæfinga- og gjörgæsludeild. Steinn Steingrímsson læknir í sérnámi, geðsvið LSH og Sahlgrenska háskólasjúkrahúsið í Gautaborg.

## Styrkir til ungra vísindamanna 2013

### Berglind Harper Kristjánsdóttir deildarlæknir

Meðumsækjandi: Ragnheiður I. Bjarnadóttir sérfræðilæknir

Rannsókn: *Eru tengsl á milli tíðni keisaraskurða og fósturköfnunar á Íslandi undanfarin 30 ár?*

**Erlendur Egilsson** sálfræðingur

Meðumsækjandi: Ragnar Bjarnason yfirlæknir og prófessor

Rannsókn: *Heilsueflandi snjallsímahugbúnaður fyrir ungt fólk***Guðrún Dóra Bjarnadóttir** deildarlæknir

Meðumsækjandi: Magnús Haraldsson sérfræðilæknir og dósent

Rannsókn: *Notkun methýlfenídat í æð meðal íslenskra vímuefnaneytenda***Harpa Viðarsdóttir** deildarlæknir

Meðumsækjandi: Þórður Þórkelsson yfirlæknir

Rannsókn: *Miklir þungburar - fylgikvillar fæðingar fyrir móður og barn, áhætta á offitu á barnsaldri og efnaskiptamerki***Jónína Ingólfssdóttir** deildarlæknir

Meðumsækjandi: Gunnar Guðmundsson aðstoðaryfirlæknir og prófessor

Rannsókn: *Miðmætisspeglanir á Íslandi: Ábendingar og árangur***Karl Erlingur Oddason** deildarlæknir

Meðumsækjandi: Baldvin Þ. Kristjánsson sérfræðilæknir

Rannsókn: *Innri geislameðferð við krabbameini í blöðruhálskirtli á Íslandi***Marianne Elisabeth Klinke** deildarhjúkrunarfræðingur

Meðumsækjandi: Helga Jónsdóttir Hjúkrunarfræðingur og deildarforseti

Rannsókn: *Gaumstol eftir slag í hægri heilahvel***Rúnar Bragi Kvaran** deildarlæknir

Meðumsækjandi: Gísli H. Sigurðsson yfirlæknir og prófessor

Rannsókn: *D-vítamínþúskapur hjá bráðveikum sjúklingum***Sólveig Helgadóttir** deildarlæknir

Meðumsækjandi: Tómas Guðbjartsson yfirlæknir og prófessor

Rannsókn: *Árangur hjartaaðgerða á Íslandi: Fylgikvillar, langtímahorfur og lifun***Sólborg Erla Ingvarsdóttir** deildarlæknir

Meðumsækjandi: Viðar Örn Eðvarðsson sérfræðilæknir

Rannsókn: *Endurkomutíðni nýrnasteina hjá börnum.*

Í apríl mánuði 2014

Gísli H Sigurðsson

Formaður Vísindaráðs

Prófessor og yfirlæknir

Svæfinga- og gjörgæsludeild

Landspítali háskólasjúkrahús,

**Ársskýrsla stýrinesfndar um skráningu hjúkrunar 2013****Fundir**

Á árinu voru haldnir 9 stýrinesfndarfundir. Formaður stýrinesfndar og verkefnistjóri funduðu 22 sinnum á vinnufundum yfir árið (tveggja til sex tíma löngum) auk styttri funda. Einnig voru haldnir ýmsir fundir með ábyrgðaraðilum, deildarstjórum, tengiliðum og öðrum sem að skráningu hjúkrunar komu á árinu 2013.

Tveir ábyrgðaraðilar hættu í stýrinesfnd á árinu þ.e. í upphafi árs Guðlaug Erla Vilhjálmstöðttir, hennar stöðu tók Margrét Ó. Thorlacius og í lok árs Herdís Herbertstöðttir, en hennar stöðu tók Þóra Gerða Geirstöðttir. Eftir er að skipa einn ábyrgðaraðila í nefndina sem situr í stýrinesfnd og annan sem er afleysingafulltrúi (sjá í töflu).

Núverandi meðlimir stýrinesfndar eru:

|   |   |
|---|---|
| Anna María Þórðardóttir, hjfr./gæðastjóri                 | Fulltrúi fyrir bráðasvið  |
| Ásta St. Thoroddsen, formaður                             | Forstöðumaður fræðasviðs í upplýsingatækni og skráningu hjúkrunar |
| Ásthildur Guðjohnsen, hjúkrunarfræðingur                  | Fulltrúi fyrir lyflækningasvið, Hringbraut                        |
| Margrét Ó. Thorlacius, hjúkrunardeildarstjóri             | Afleysingafulltrúi fyrir kvenna og barnasvið                      |
| Guðrún Jónstöðttir, sérfræðingur í hjúkrun                | Fulltrúi fyrir skurðlækningasvið, Hringbraut                      |
| Guðrún Sigríður Ólafstöðttir ljósmóðir/hjfr.              | Fulltrúi fyrir kvenna- og barnasvið, Hringbraut                   |
| Hanna K Guðjónstöðttir, verkefnastjóri stýrinesfndar      | Fulltrúi fyrir framkvæmdastjóra hjúkrunar                         |
| Herdís Gunnarsstöðttir, verkefnistjóri HUT                | Fulltrúi fyrir hugbúnaðar- og tæknideild                          |
| Ingibjörg Guðmundstöðttir, hjfr./aðstoðardeildarstjóri    | Fulltrúi fyrir skurðlækningasvið, Fossvogi                        |
| Jónína Thorarensen hjfr./aðstoðardeildarstjóri            | Fulltrúi fyrir endurhæfingu, Grensás                              |
| Ingibjörg Bjartmarz (ekki skipuð)                         | Afleysingafulltrúi fyrir endurhæfingu, Grensás                    |
| María Guðnadóttir, sérfræðingur í hjúkrun                 | Fulltrúi fyrir hjúkrunarráð                                       |
| Sólveig Haraldstöðttir, hjfræðingur                       | Fulltrúi fyrir lyflækningasvið, Fossvogi                          |
| Sylvía Ingibergstöðttir, sérfræðingur í hjúkrun           | Fulltrúi fyrir geðsvið  |
| Þóra Gerða Geirstöðttir, hjfræðingur öldrun (ekki skipuð) | Fulltrúi fyrir lyflækningasvið, Landakoti                         |

## Eftirfylgni með skráningu hjúkrunar á deildum

Vorið 2012 var skipuð ritstjórn sjúkraskrár af framkvæmdastjórn LSH og verkefnistjóri stýrinefndar um skráningu hjúkrunar sat og starfaði í þeirri nefnd ásamt þverfaglegum hópi heilbrigðisstarfsmanna. Ritstjórnin hefur starfað og tekið fyrir mál er varða skráningu skv. erindisbréfi. Skipun aðila í ritstjórn lauk nú um áramótin og spurning er um áframhald hennar.

Verkefnistjóri situr einnig í stýrinefnd um kennslu á rafræn skráningarkerfi en ekki hafa verið haldnir fundir í nefndinni á árinu. Aftur á móti hefur kennsla á rafræn kerfi verið skv. skipulagi nefndarinnar einu sinni í mánuði alla mánuði ársins nema júlí mánuð. Kennslan er fyrir allar heilbrigðisstéttir spítalans og er auglýst á heimasíðu LSH og verkefnistjóri tekur þátt í kennslunni.

Á árinu voru engin myndbönd framleidd, en tvö handrit eru tilbúin til framleiðslu. Spurningar hafa vaknað varðandi ávinning af framleiðslu þessara myndbanda þar sem þau úreldast frekar fljótt og eru mjög tímafrek í framleiðslu. Aftur á móti er skv. ábyrgðaraðilum í stýrinefnd mikil ánægja með myndböndin þannig að væntanlega þarf að taka ákvörðun um áframhald framleiðslunnar.

Vinna hefur verið á gangi á árinu hjá verkefnastjóra og starfsmanni HUT við að útbúa skýrslur til úttektar á skráningu í Sögu. Nú eru tilbúnar útkomur á skráningu hjúkrunargreininga, einkenna, orsaka og hjúkrunarmeðferða auk þess skráningu í upplýsingaskrá og útskriftaráætlun. Þegar vinna við þessar skýrslur verður lokið verða útbúnar deildarbundar skýrslur með ábendingum um það sem betur má fara á hverri deild.

Vinna að niðurstöðum könnunar um þætti er varða skráningu hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra sem fram fór í nóvember 2012- janúar 2013 er ekki enn lokið en er komin vel á veg. Niðurstöður könnunarinnar eru áhugaverðar og um margt jákvæðar varðandi upplifun af notkun og hagræði hjúkrunarfræðinga/ljósmæðra af rafrænni sjúkraskrá og verða þær nýttar til að styðja frekar við skráningu hjúkrunar.

## Fagleg vinna við gerð hjúkrunaráætlana

Vinna við verkefnið fagleg endurgerð hjúkrunaráætlana hefur verið fyrirferðarmikil á árinu 2013 hjá verkefnisstjóra, formanni sem og öðrum þeim sem að verkefninu hafa þurft að koma. Í verkefninu fólst mikið frumkvöðlastarf sem ekki hefur áður verið farið í hér á LSH. Upphaflegum lokaskilum verkefnisins var frestað nokkrum sinnum þegar ljóst var hversu umfangsmikið verkefnið var en einnig hamlaði tíma- og mannaflaskortur víða á deildum vinnu hjfr./ljósmæðra við verkefnið. Verkefnastjóri hefur verið klínískum starfsmönnum innan handar og veitt stuðning við verkefnið skv. óskum og þörfum. Nú hafa allar deildir nema barnadeild spítalans skilað af sér hjúkrunaráætlunum bæði á Word og Excel formi. Formaður og verkefnastjóri með aðstoð ritara hafa þurft að setja ferli inn í Excel f. barnadeildirnar en önnur svið hafa séð um sína innsetningu sjálf. Formaður og verkefnistjóri eru langt komnir með yfirferð yfir ferlin (Excel og Word) og samræming á útliti er á loka metrunum. Vefsíða sem hýsa á staðlaðar hjúkrunaráætlanir flokkaðar eftir fræðasviðum hjúkrunar er tilbúin og er vinna hafin við að setja samþykktar áætlanir með heimildum og nöfnum höfunda þar inn. Vísað er í verkefnisáætlun 2014 varðandi áframhaldandi vinnu við verkefnið.

## Umbótaverkefni í skráningu hjúkrunar á deildum

Eitt umbótaverkefni var í gangi á árinu 2013 er varðar innsetningu á öryggismælikvörðum á skjáborð deilda. En verkefnið fór í gang skv. ósk frá yfirmanni HUT um skilgreiningu á öryggismælikvörðum fyrir hjúkrun. Eftir rýni rannsókna og upplýsinga frá IHS (Institute for Healthcare Improvement) og fundi með þremur deildarstjórum á LSH voru greindir þrjár mælikvarðar er þóttu geta sýnt fram á gæði þjónustunnar (eða skort) sem og öryggi sjúklinga (eða skort) og voru aðgengilegir í sjúkraskrá til vörpunar á skjáborð Heilsugáttar. Mælikvarðarnir voru mat á áhættuþáttum þrýstingssára, mat á næringarástandi og byltumat. Ósk var send á starfsmann HUT er sér um Heilsugátt og skjáborð deilda um forritun þessa möguleika og er sú vinna enn í gangi, en hefur gengið seint vegna anna þessa starfsmanns við önnur verkefni. Ítrekun hefur verið send á yfirmann HUT sem og starfsmann Heilsugáttar til ítrekunar á mikilvægi verkefnis og beiðni um hærri forgang á verkefni. Fyrirhugað er að innleiða mælikvarðana á þrjár legudeildir og meta árangur áður en farið er að innleiða á aðrar deildir LSH sem haft gætu ávinning að birtingu mælikvarðanna.

## Samræming hjúkrunarskráningar og sjúklingaflokkunar

Einhver vinna hefur verið í gangi en ekki nægjanlega markviss við að leita leiða hvernig skráning hjúkrunar geti stutt við flokkun sjúklinga. Ýmsar leiðir hafa verið nefndar og fallið hlutaðeigendum mis vel í geð s.s. að setja atriði varðandi skipulag við hjúkrun inn í hjúkrunaráætlanir sem gætu stutt við flokkun sjúklinga. Ekki var þó tímabært að fara í þá vinnu á árinu 2013 þar sem að endurgerð hjúkrunarferla (sjá kafla) „Fagleg endurgerð hjúkrunaráætlana“ hefur frestast.

## Samvinna við HUT um áframhaldandi þróun rafrænnar skráningar

Verkefnisstjóri hefur töluvert verið kallaður að þróun á rafrænni skráningu í sjúkraskrá á árinu og hefur hann sinnt þeirri vinnu eftir því sem óskað hefur verið eftir af starfsfólki HUT. Formaður og verkefnastjóri stýrinefndar starfa náið með starfsmönnum HUT að verkefnum er lúta að þróun og hönnun skráningakerfa annað hvort sem ráðgjafar eða eiga sæti í nefndum því viðkomandi. En mikilvægt er að fagaðilar komi að vinnunni en ekki einungis tæknaðilar ef tryggja á notagildi og hagkvæmni kerfisins. Breytingar á kerfinu hafa annars vegar komið fram skv. ákvörðun formanns, verkefnastjóra eða starfsmanna HUT og hins vegar eftir óskum frá klínískum starfsmönnum um viðbætur/lagfæringar svo að kerfið nýtist sem best klínikinni.

Á árinu 2013 hefur vinna verið í gangi við að endurbæta íhlutaskráningu og Barthelkvarða, sem og vinna við að virkja og endurbæta dagplön deilda með það að markmiði að útrýma dagplönunum á Excelformi sem vistuð eru á skjáborðum tölva á deildum algjörlega óvarin. Vinnu við að greina innihaldsatriði Excelskjala er senn að ljúka og í framhaldinu verða þarfir greindar, óskir settar fram um breytingar á útliti/innihaldi og síðan innleiðing á legudeildir LSH.

## Samvinna við HUT varðandi innleiðingu rafræna skráningakerfa

Ein formleg innleiðing var í gangi á árinu 2013 á „snjókorinu“. Auk þess voru innleiddar ýmsar smáar breytingar á sjúkraskránni og voru þær innleiddar jafnóðum og þær voru skrifaðar og tilbúnar.

## Samvinna við VMN vegna starfsþróunar og námskeiða

Alls voru 15 námskeið haldin á árinu 2013. Á vorönn voru haldin þrjú námskeið um hjúkrunarskráningu 1 og þrjú um hjúkrunarskráningu 2 sem alls sóttu 54 þátttakendur. Á hausönn voru námskeið haldin með nýju sniði, þrjú almenn námskeið voru haldin (sambærileg hjúkrunarskráningu 2) sem alls sóttu 40 þátttakendur og sex deildabundin námskeið sem alls sóttu 59 þátttakendur. Mikil ánægja var með þessi nýju námskeið en þau voru haldin skv. ósk hvers deildarstjóra og voru hugsuð fyrir allt starfsfólk viðkomandi deilda. Alls voru þátttakendur á námskeiðum ársins 2013 voru 153.

## Samvinna við val á útkomum er endurspeglar veitta hjúkrun á LSH

Vinna að þessu verkefni er ekki hafin en ljóst er að um veigamikið verkefni er að ræða og spurning hver eigi að stýra.

Vinna er í gangi í samvinnu við aðila á HUT að gera úttekt á skýrslum á skráningu hjúkrunar á LSH í Sögu mögulega er sýna útkomumælingar. Í skýrslunum eiga að vera möguleikar á að taka út ýmis atriði er varða persónuupplýsingar, upplýsingaskrá, hjúkrunaráætlun, útskriftaráætlun, fjölskyldu-/tengslakort, lífsmörk og mælingar og íhluti. Skýrslurnar eiga að sýna tíðni skráningar og eiga að hafa það að markmiði að auka skráningu hjúkrunar í rafræna sjúkraskrá. Skýrslurnar ættu að nýtast deildarstjórum sem stjórnþæki og til aðhalds við skráningu hjúkrunar. Þessari vinnu er senn að ljúka og þá hefst vinna við að útfæra deildabundnarskýrslur ásamt ábendingum til deildarstjóra um það sem betur megi fara.

Verkefnastjóri flutti eina kynningu fyrir stefnuráð hjúkrunar sem í eiga sæti allir deildarstjórar á LSH sem og sérfræðingar í hjúkrun. Málefni fundarins var um útkomumælingar og hvernig væri mögulegt að meta áhrif hjúkrunar á afdrif/útkomu sjúklinga. Heiti kynningarinnar var: Skráning hjúkrunar, hvernig nýtist hún við vöktun/greiningu á hjúkrunarnæmum árangri/gæðum hjúkrunar.

## Grundvöllur fyrir rannsóknir

Vinna er í gangi í samvinnu við aðila á Hag- og upplýsingasviði að setja gögn úr hjúkrun í vöruhús gagna. Sú vinna gengur ágætlega en áætlun hefur þó seinkað vegna villna í tengingum atriða í rafrænni sjúkraskrá. Verkefninu var skipt í þrjá fasa eftir forgangsöröðun formanns og verkefnistjóra. Hjúkrunargreiningar, hjúkrunarmeðferðir einkenni og orsakir voru í fyrsta fasa. Í fasa tvö voru atriði úr upplýsingaskrá, lífsmörkum og mælingum, íhlutum og útskriftaráætlun og í fasa þrjú voru fleiri atriði úr upplýsingaskrá og ofnæmi og aðvaranir. Ákvörðun var tekin af aðilum frá Hag- og upplýsingasviði, HUT og formanni og verkefnastjóra á árinu 2013 að hætta við fasa þrjú alla vega um

sinn. Vinnu er lokið við að setja hjúkrunargreiningar og -meðferðir inn í svokallaðan hjúkrunarheim og hefur verkefnastjóri ásamt kerfistjóra frá HUT eitt töluverðum tíma í prófanir á áreiðanleika og réttmæti heimsins sem og endurskilgreiningum á breytum heimsins.

Ásta St. Thoroddsen, hjúkrunarfræðingur

Forstöðumaður fræðasviðs í upplýsingatækni og formaður stýrinefndar um skráningu hjúkrunar

Hanna Kristín Guðjónsdóttir, hjúkrunarfræðingur/ljós móðir

Verkefnastjóri í stýrinefnd um skráningu hjúkrunar

### **Störf siðfræðinefndar Landspítala 2013-2014**

Megin verkefni siðfræðinefndar er að vera vettvangur um siðfræðileg málefni innan Landspítalans og taka þátt í að móta stefnu og starfsaðferðir sjúkrahússins í siðfræðilegum álitamálum. Siðfræðinefnd er ráðgefandi en ekki úrskurðaraðili í deilumálum. Siðfræðinefnd Landspítala leggur áherslu á gagnkvæma virðingu og samstöðu starfsfólks með hagsmuni sjúklinga að leiðarljósi.

Siðfræðinefnd er skipuð sjö mönnum þar af á hjúkrunarráð einn fulltrúa. Forstjóri skipar formann, sem er Jón Eyjólfur Jónsson, yfirlæknir. Nefndin hittist að jafnaði einu sinni í mánuði. Það voru margvísleg erindi sem nefndin fjallaði um á fundum sínum 2013-14 og veitti m.a. umsagnir og leiðbeiningar. Helstu verkefni voru:

Mönnunarmál, áhyggjur af skorti á heilbrigðisstarfsmönnum, viðhorf og álag á starfsfólk.

Siðfræðileg málefni innan spítalans, þar má nefna trúnað og þagnarskyldu

Skipulagning fræðslu og málþing um siðfræðileg álitaeefni.

Langveikir einstaklinga og staða þeirra innan sjúkrahússins.

Aðgangur sjúklinga að sjúkraskrá

Siðfræðileg álitamál um forgangsröðun, réttindi sjúklinga og leiðbeiningar gefnar varðandi meðferðarmarkmið hjá einstaklingum með alvarlega sjúkdóma og áverka.

10.10. 2014

Linda Kristmundsdóttir, fulltrúi hjúkrunarráðs

## Ársskýrsla eftirlitsnefndar um rafræna sjúkraskrá

### Ársskýrsla Eftirlitsnefndar með notkun rafrænnar sjúkraskrár

Eftirlitsnefnd með rafrænni sjúkraskrá starfar skv. erindisbréfi frá 2010. Í nefndinni sitja, auk undirritaðs, Jóhann Bjarni Magnússon gæðastjóri hjá heilbrigðis- og upplýsingatæknideild, Halldóra Jónsdóttir læknir, sem er fulltrúi læknaáráðs og Hildur Einarsdóttir hjúkrunarfræðingur, skipað af hjúkrunarráði í stað Þorgerðar Gunnarsdóttur, sem baðst undan setu í nefndinni.

Að venju voru skoðuð slembiúrtök nokkurra starfsgreina, þ.e. læknanema á 5. ári, hjúkrunar-nema á 4. ári, gigtlækna, iðjubjálfa, ráðgjafa/stuðningsfulltrúa, áfengis- og vímuefnaráðgjafa og næringarráðgjafa. Engar athugasemdir voru gerðar á grundvelli þessara skoðana.

Að beiðni yfirmanna, voru sex starfsmenn skoðaðir vegna gruns um brot á starfsreglum og var málunum fylgt eftir af viðkomandi yfirmönnum.

Beiðnir bárust frá 26 sjúklingum um lista yfir þá, sem opnað höfðu sjúkraskrá þeirra. Eins og fyrr, var það í nokkrum tilfellum sem viðkomandi óskuðu skýringa á uppfléttingum einstakra starfsmanna. Í þeim tilvikum voru þeir starfsmenn skoðaðir sérstaklega en það leiddi ekki til álituninga.

Upplýsingar bárust formanni nefndarinnar um einn starfsmann, sem breytti/leiðrétti nótur samstarfsmanna sinna. Var sá starfsmaður kallaður fyrir og farið yfir reglur um skráningu í sjúkraskrá.

Reykjavík, 2. maí 2014,

fyrir hönd nefndarinnar,



/ Niels Chr. Nielsen, formaður

Afrit: Sigrún Jóhannesdóttir forstjóri Persónuverndar



Ársskýrsla siðanefndar**Ársskýrsla Siðanefndar Landspítala 2013**

Siðanefnd Landspítala er þverfagleg nefnd sem starfar á ábyrgð framkvæmdastjórnar spítalans skv. lögum um réttindi sjúklinga og skv. reglugerð um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði nr. 286/2008. Nefndin veitir leyfi fyrir framkvæmd vísindarannsókna á heilbrigðissviði, sem gerðar eru á sjúkrahúsinu og vísindarannsóknir á heilbrigðissviði, sem gerðar eru í samstarfi Landspítala og Háskóla Íslands eða Háskólans á Akureyri. Óheimilt er að framkvæma vísindarannsókn á mönnum nema hún hafi áður hlotið samþykki siðanefndar.

Alls voru haldnir 14 fundir á árinu 2013. Fjöldi erinda var sem hér segir:

|                     |     |
|---------------------|-----|
| Nýjar umsóknir      | 56  |
| Viðbætur/breytingar | 13  |
| Fyrirspurnir        | 51  |
| Samtals             | 120 |

Yfirlit yfir fjölda nýrra umsókna s.l. 5 ár.

| 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 |
|------|------|------|------|------|------|
| 93   | 74   | 67   | 64   | 54   | 56   |

Nýjar umsóknir voru 56. Af nýjum umsóknum voru námsverkefni 22 og 14 meistara og doktorsverkefni. Heilarfjöldi umsókna stendur í stað milli ára.

Afgreiðsla umsókna var sem hér segir:

|  |    |
|--|----|
| Samþykkt án athugasemda                | 6  |
| Samþykkt með athugasemdum og skilyrðum | 35 |
| Óskar frekari upplýsinga               | 5  |
| Bíða umfjöllunar                       | 6  |

Annað

4

Í haust tók siðanefnd upp nýtt verklag við yfirferð á afturvirkum rannsóknum sem nú er í samræmi við verklag Vísindasiðanefndar. Nokkrir gestir hafa komið á fundi nefndarinnar og kynnt málefni er varða starfsemina. Fulltrúar siðanefndar fóru á fund í velferðarráðuneytinu þar sem rætt var um verkaskiptingu milli Vísindasiðanefndar og annara siðanefnda. Ákveðið var að auka samstarf milli nefndanna.

Á árinu hætti Rúnar Þór Jónsson lögfræðingur í nefndinni og fyrir hann kom inn Helga Þórðardóttir. Nefndarmenn í árslok eru:

Jón G. Snædal yfirlæknir, formaður, tilnefndur af framkvæmdastjórn  
-Magnús Haraldsson læknir, varamaður

Sigrún Reykdal læknir, tilnefndur af lækna ráði  
- Inga Sigurrós Þráinsdóttir læknir, varamaður

Elísabet Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur, tilnefnd af hjúkrunarráði  
-Anna Ólafía Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur, varamaður

Helga Þórðardóttir lögfræðingur, tilnefndur af framkvæmdastjórn  
- Oddur Gunnarsson lögfræðingur, varamaður

Eiríkur Örn Arnarson sálfræðingur, tilnefndur fyrir aðrar heilbrigðisstéttir af framkvæmdastjórn  
-Ólöf Ámundadóttir sjúkraþjálfari, varamaður

Helgi Sigurðsson yfirlæknir, tilnefndur af Háskóla Íslands  
-Pétur Luðvigsson læknir, varamaður

Bryndís Valsdóttir heimspekingur, tilnefnd af landlæknisembættinu  
-Rúnar Vilhjálmsson, varamaður.

# Fylgiskjöl

## Aðalfundur Hjúkrunarráðs 23. október 2013

Fundarstjóri: Gyða Baldursdóttir

Fundarritari: Ragnheiður Guðmundsdóttir

### 1. Skýrsla stjórnar 2012 - 2013

Eygló Ingadóttir formaður hjúkrunarráðs flutti skýrslu stjórnar. Skýrslan er birt á innri vef LSH og send í tölvupósti til hjúkrunarráðs

### 2. Skýrslur nefnda

**Fræðslunefnd:** Eygló Ingadóttir gerði grein fyrir störfum fræðslunefndar fyrir hönd fræðslunefndar.

**Stöðunefnd:** Guðbjörg Guðmundsdóttir fulltrúi í stöðunefnd gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Nefndin fór yfir umsóknir um þrjár stöður hjúkrunardeildarstjóra. Engin staða sérfræðings í hjúkrun var auglýst. Nefndin er kölluð saman þegar erindi berast.

**Kjörnefnd:** Kjörnefnd annast undirbúning og framkvæmd kosninga í stjórn og nefndir hjúkrunarráðs. Kjörnefnd kom tvisvar saman á starfsárinu.

### 3 Kosning stjórnar

### 4. Kosning nefnda

### 5. Önnur mál

Eygló Ingadóttir formaður hjúkrunarráðs bar upp fyrir hönd stjórnar tillögu að breytingu á 3. grein starfsreglna hjúkrunarráðs Landspítala.

3. grein fjallar um skipan stjórnar og var fyrir breytingu á þennan veg:

Stjórn hjúkrunarráðs skipa formaður, varaformaður, ritari og tíu fulltrúar frá klínískum sviðum spítalans: þrír frá lyflækningasviði, þrír frá skurðlækningasviði tveir frá kvenna og barnasviði, einn frá geðsviði og einn frá bráðasviði. Hjúkrunarfræðingar sem starfa utan framantalinna sviða eiga einn sameiginlegan fulltrúa. Framkvæmdarstjórn stjórnar hjúkrunarráðs skipa formaður, varaformaður og ritari. Fulltrúarnir eru kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, úr hópi hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra í hjúkrunarráði. Kosningin skal vera skrifleg ef þess er óskað. Einfaldur meirihluti ræður. Ef atkvæði falla jöfn skal hlutkesti ráða. Varamenn eru kosnir á sama hátt, einn fyrir hvern aðalfulltrúa. Framkvæmdarstjórar Landspítala skulu ekki sitja í stjórn hjúkrunarráðs. Hver stjórnarmaður skal ekki sitja lengur í stjórn en tvö kjörtímabil í senn en getur gefið kost á sér að nýju að einu kjörtímabili liðnu. Hætti stjórnarmaður, áður en kjörtímabil tekur enda, tekur varamaður sæti hans. Fráfarandi stjórnarmaður og varamaður hans bera þá ábyrgð á að finna nýjan varamann í samráði við kjörnefnd. Hætti formaður áður en kjörtímabil tekur enda skal varaformaður taka við fram að næsta aðalfundi. Ef svo stendur á, að bæði formaður og varaformaður eru fjarverandi, gegnir ritari hlutverki formanns.

Eftir umræður um orðalag og tilgang breytinga var eftirfarandi breyting samþykkt á fundinum:

•SKIPAN STJÓRNAR

3. grein

Stjórn hjúkrunarráðs skipa formaður, varaformaður, ritari og tíu fulltrúar frá klínískum sviðum spítalans: þrír frá lyflækningasviði, þrír frá skurðlækningasviði tveir frá kvenna og barnasviði, einn frá geðsviði og einn frá bráðasviði. Hjúkrunarfræðingar sem starfa utan framantalinna sviða eiga einn sameiginlegan fulltrúa. Framkvæmdarstjórn **stjórnar hjúkrunarráðs** skipa formaður, varaformaður og ritari. Fulltrúarnir eru kosnir á aðalfundi til tveggja ára í senn, úr hópi hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra í hjúkrunarráði. Kosningin skal vera skrifleg ef þess er óskað. Einfaldur meirihluti ræður. Ef atkvæði falla jöfn skal hlutkesti ráða. Varamenn eru kosnir á sama hátt, einn fyrir hvern aðalfulltrúa. Framkvæmdarstjórn Landspítala skulu ekki sitja í stjórn hjúkrunarráðs. Hver stjórnarmaður skal ekki sitja lengur í stjórn en tvö kjörtímabil í senn en getur gefið kost á sér að nýju að einu kjörtímabili liðnu. Hætti stjórnarmaður, áður en kjörtímabil tekur enda, tekur varamaður sæti hans. Fráfarandi stjórnarmaður og varamaður hans bera þá ábyrgð á að finna nýjan varamann í samráði við kjörnefnd. **Hætti formaður áður en kjörtímabil tekur enda skal varaformaður taka við fram að næsta aðalfundi.** Ef svo stendur á, að bæði formaður og varaformaður eru fjarverandi, gegnir ritari hlutverki formanns.

Þá lagði Eygló fram fyrir hönd stjórnar hjúkrunarráðs tillögu að ályktun aðalfundar og var eftirfarandi tillaga samþykkt eftir nokkra umræðu.

### Ályktun á aðalfundi hjúkrunarráðs Landspítala 23. október 2013

Hjúkrunarráð Landspítala hvetur Alþingi Íslendinga til að auka fjárveitingar til Landspítala svo unnt sé að veita viðunandi þjónustu og tryggja öryggi sjúklinga.

Undanfarin fimm ár hefur niðurskurður verið gríðarlegur og tókst með miklu aðhaldi að halda spítalanum innan fjárheimilda þrjú ár í röð, þrátt fyrir aukna starfsemi. Niðurskurðurinn hefur haft mikil áhrif á starfsemi og innviði spítalans. Afleiðingin er m.a. úr sér genginn tækjabúnaður, mikið álag og atgervisflótti meðal heilbrigðisstarfsmanna.

Nú er Landspítali kominn um 1,1 milljarð fram úr fjárveitingum ársins 2013 og ljóst að bæti stjórnvöld ekki við fjárframlög næsta árs hefur það alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir starfsemi spítalans.

Hjúkrunarráð varar við hugmyndum um sérstakt gjald á sjúklinga sem leggjast inn á sjúkrahús. Það er nú þegar áhyggjuefni hversu háar upphæðir sjúklingar greiða fyrir heilbrigðisþjónustu. Auk þess verður innheimtan flókin og dýr.

Hjúkrunarráð Landspítala vill minna á nauðsyn þess að endurnýja húsakost spítalans. Núverandi húsnæði er hvorki boðlegt sjúklingum né starfsmönnum og hentar ekki nútíma heilbrigðisþjónustu, þar sem sjúklingar þurfa sérhæfða meðferð og flókinn tækjabúnað.

Íslendingar þurfa skýra og heildstæða framtíðarsýn í heilbrigðismálum sem þjóðin getur sameinast um til langs tíma. Hjúkrunarráð hvetur Alþingi allt til að vinna að slíkri framtíðarsýn.

Venjulegum aðalfundarstörfum var lokið kl. 14:00

Erindi: Anna Jóna Guðmundsdóttir og Þórhildur Sveinsdóttir hjá Auðnu – Ráðgjöf fluttu erindi um **Jákvæðni og teymisvinnu**. Þær benda á að hamingja á vinnustað velti á *árangri og samskiptum*. Framúrskarandi teymi eru skilgreind sem teymi sem ná stöðugt að uppfylla þarfir viðskiptavina, vinnuveitenda, fjárfesta og annarra hagsmunaaðila og eru þannig að standa sig betur en önnur teymi sem hafa sambærilegar vörur, skilyrði og takmarkanir.

Það sem einkennir framúrskarandi teymi er:

Skilgreind áhersla – skýr áhugavekjandi sýn

Sveigjanlegt skipulag – er allir vinna að góðu skipulagi næst besta heildin

Andrúmsloft samvinnu – opin samskipti, leysa vandamál, deila upplýsingum

Tíð endurgjöf – bæði sigrar og erfiðleikar eru metnir

Kraftmikil viðurkenning og hvatning – stjórnandi sér hvað allir meðlimir teymis leggja af mörkum og meðlimir teymis aðstoða hvorn annan

Guðný Friðriksdóttir, nýr formaður hjúkrunarráðs kynnti sig og þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum góð störf og lýsti tilhlökkun að takast á við verkefni með hjúkrunarráði.

Gyða Baldursdóttir óskaði nýjum stjórnarmönnum til hamingju og þakkaði Eygló Ingaóttur, fráfarandi formanni hjúkrunarráðs, kærlega fyrir vel unnin störf. Fundi slitið.

## Opinn fundur hjúkrunarráðs Landspítala 7. apríl 2014 í Hringsal

### Efni: Skilvirkir verkferlar með Lean Healthcare

**Frummælandi:** Benedikt Olgeirsson, aðstoðarforstjóri Landspítala.

**Umræður:** Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar og Guðrún B. Sigurbjörnsdóttir, deildarstjóri á verkefnastofu.

**Fundarstjóri:** Guðný Friðriksdóttir formaður hjúkrunarráðs Landspítala.

**Fundarritari:** Ragnheiður Guðmundsdóttir, ritari hjúkrunarráðs.

Guðný Friðriksdóttir bauð alla velkomna, kynnti efni fundarins og gaf Benedikt Olgeirssyni orðið.

Benedikt Olgeirsson, aðstoðarforstjóri LSH, kynnti hugmyndafræði og innleiðingu á Lean Healthcare á Landspítala. Meginmarkmið þess eru að minnka sóun og auka öryggi sjúklinga. Þar kom fram að aðferðafræði lean byggir á virkri þátttöku allra starfsmanna í þróun verkferla í sínu nærumhverfi með öflugum stuðningi stjórnenda. Notkun rauntímamælinga og árangursvísa er mikilvægur þáttur í þessu umbótastarfi. Framtíðarsýnin er öflug umbótamenning þar sem stöðugar umbætur á verkferlum eru órjúfanlegur hluti af starfsemi spítalans

Benedikt sagði að nú hafi verið unnið að verkefnum á Landspítala í tvö ár með Lean aðferðafræðinni og fjöldi ferla- og 5s verkefna hafi verið unnin á öllum sviðum spítalans. Sýnd voru nokkur dæmi um góðan árangur þessara verkefna. Um 150 manns hafi tekið þátt í Lean stjórnendapjálfun og að markmiðið væri að tryggja þátttöku allra starfsstétta í umbótastarfinu. Það sem tefur hinsvegar mest fyrir er álag og tímaskortur. Stjórnendur þurfi að taka virkari þátt í verkefnavinnunni. Vegvísir næstu þriggja ára er m.a. að ljúka um 5 ferlaverkefnum á hverri önn og að nýta 5S og Kaizen verkefni sem víðast á spítalanum og þróa áfram rauntímamælingar, umbótatöflur, stöðumat og umbótafundir.

Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar, tók til máls og fjallaði um mikilvægi þess að vinna að því því að bæta öryggi sjúklinga og fyrirbyggja mistök. Guðrún B. Sigurbjörnsdóttir, deildarstjóri, tók einnig til máls og fallaði um mikilvægi þess að draga úr sóun og minnka bið í samvinnu við starfsfólk.

Að loknum framsöguerindum fóru fram almennar umræður. Fundarmenn voru almennt ánægðir með innleiðingu Lean á Landspítala og voru sammála um mikilvægi þess að þeirri vinnu verði haldið áfram. Að því loknu þakkaði Guðný frummælendum og fundarmönnum fyrir góðan fund.

## Opinn fundur hjúkrunarráðs 18. sept. 2014

### Spítalinn okkar

Anna Stefánsdóttir, formaður samtakanna Spítalinn okkar og Jóhannes M. Gunnarsson, læknir kynntu samtökin og stöðuna á uppbyggingu nýs húsnæðis fyrir Landspítala.

**Fundarstjóri: Guðný Friðriksdóttir**

**Anna Stefánsdóttir:**

- **Sagði frá markmiðum og tilgangi með samtökunum spítalinn okkar.** En **tilgangur** félagsins er að vinna að nýbyggingu og endurnýjun Landspítala, þannig að húsakostur og umhverfi sjúklinga og aðstaða starfsfólks spítalans þjóni nútíma þörfum. **Markmið** félagsins er að afla stuðnings meðal almennings og stjórnvalda á nauðsynlegum úrbótum á húsakosti spítalans.
- Anna sagði einnig frá því að nú væri að fara af stað kynningarherferð vegna þess að ekki er reiknað með nýjum spítala í fjárframlögum og að þeirra mati sé ekki hægt að bíða lengur og voru fundarmenn sammála því. Sagt var frá því að fundarmenn sem og aðrir þeir sem vildu styðja við samtökin gætu gengið í þau með því að skrá sig sem félagi á spitalinnokkar.is

**Jóhannes:**

Lýsti yfir áhyggjum af því að við erum að missa starfsfólk úr landi og heimtur heim fara dvínandi. Húsakostur og þ.a.l. vinnuaðstaða er ein af ástæðum fyrir því. Bendir á að þjóðin er að eldast hratt og að eftirspurn eftir þjónustu heilbrigðiskerfisins mun þar af leiðandi aukast.

**Hvers vegna nýjar byggingar**

- Gamlar byggingar mæta ekki nútíma kröfum og stöðlum
- Ekki samhæfð starfsheild
- Skortir sveigjanleika þ. e. aðlögunarhæfni að nýjum þörfum
- Ónógt burðarþol, þyngd margra tækja yfir burðarþoli og kemur því ekki til greina að kaupa þau inn á spítalann
- Tæknilausnir sem flýta fyrir og auka öryggi komast ekki fyrir
- Lofthæð of lítil, ekki pláss fyrir lagnir sem starfsemin krefst
- Salarstærðir: Ekki pláss eða möguleikar fyrir nútíma skurðstofur, ofl.
- “Nýjungar”

**Markmið með sameiningu bráðrar spítalþjónustu höfuðborgarsvæðisins á einn stað**

- nýting **sérhæfingar** starfsmanna
- **aukin afköst**
- **hagkvæmari** rekstur
- **eftirsóknarverður vinnustaður**
- aukin **sambætting háskóla og spítala**, efling rannsóknastarfs
- **betri þjónusta**

**Fjallað var um aðbúnað á legudeildum**

|                                     | <u>fjöldi</u> | <u>%</u> |
|-------------------------------------|---------------|----------|
| Legurúm alls                        | 683           | 100      |
| þar af á fjölbýli (2 – 5)           | 465           | 68       |
| einbýli sem deila salerni m. öðrum  | 122           | 18       |
| einbýli m. salerni                  | 68            | 10       |
| <u>einbýli m. salerni og sturtu</u> | <u>28</u>     | <u>4</u> |
| Legupláss á bráðadeildum alls       | 413           | 100      |
| þar af á fjölbýli                   | 296           | 72       |
| einbýli sem deila salerni með öðrum | 26            | 6        |
| einbýli m. salerni                  | 63            | 15       |
| einbýli m. salerni og sturtu        | 28            | 7        |

Greining legudeilda, ASK arkitektar apríl 2014



### Aðbúnaður á bráðadeildum LSH, stærð snyrtinga sjúklinga

Byggingareglugerð:

...hindrunarlaust snúningssvæði, 1,80 m framan við salerni og hindrunarlaust svæði, minnst 90 cm breitt beggja vegna salernis.

Aðeins 4% salerna sjúklinga uppfylla kröfu reglugerðar um aðgengi!

#### Greining legudeilda, ASK arkitektar apríl 2014

### Aðbúnaður á legudeildum LSH, aldur legudeilda

- 77% legudeilda LSH eru í 35–55 ára gömlu húsnæði
- þrjár legudeildir eru í 86 ára gömlu húsnæði
- 25% legudeilda hafa sérstakt rými fyrir aðstandendur
- 30% deilda eru eldri en 30 ára og hafa ekki fengið meiriháttar viðhald s.l. 30 ár
- 8% húsnæðis LSH er byggt á síðustu 25 árum

#### Greining legudeilda, ASK arkitektar apríl 2014

### Fyrirspurnir og umræður

Rætt um mikilvægi nýbygginga við Landspítalann og að núverandi húsakostur og aðbúnaður væri ekki boðlegur. Rætt um hvernig hægt væri að styðja við verkefnið og að mikilvægi þess að almenningur hefði skilning á þörfinni á nýju húsnæði.

Fundarritari: Guðríður Kristín Þórðardóttir

## **Bréf til Forstjóra og framkvæmdastjórnar Landspítala varðandi öryggismörk hjúkrunar**

Reykjavík, 11. apríl 2014

Forstjóri Landspítala  
Páll Matthíasson

Framkvæmdastjórn Landspítala

**Efni: Öryggismörk hjúkrunar á Landspítala**

Hjúkrunarráð vill koma á framfæri áhyggjum sínum til forstjóra og framkvæmdastjórnar Landspítala vegna fyrirsjánlægs vaxandi skorts á hjúkrunarfræðingum, aukins vinnuálags á hjúkrunarfræðinga og mikillar fækkunar á legurýmum Landspítala á undanförunum árum.

Vaxandi skortur á hjúkrunarfræðingum er fyrirsjáanlegur. Á næstu þremur árum eiga um 900 hjúkrunarfræðingar rétt á því að fara á lífeyri en á þeim tíma munu einungis 350-360 hjúkrunarfræðingar ljúka námi. Samkvæmt mannaúdráðgjöfum á lyflækninga-, skurðlækninga- og bráðasviði vantaði í febrúar s.l. um 30 hjúkrunarfræðinga til að fullmanna allar stöður. Ekki liggja fyrir tölur frá öðrum sviðum.

Legurýmum á Landspítala hefur verið fækkað mikið á undanförunum árum eða úr 790 árið 2008 í 680. Almennt er miðað við að rúmanýting á bráðalegudeildum eigi að vera um 85%. Nýting á rúmum spítalans er að jafnaði mjög há eða um 90-100% og geta til að bregðast við toppum í bráðainnlögnum á álagstímum er ekki nægjanleg. Ítrekað skapast ástand á spítalanum þar sem erfitt er að koma sjúklingum fyrir á deildum og leggja þarf sjúklinga á gang. Þessar aðstæður valda viðvarandi of miklu vinnuálagi á hjúkrunarfræðinga, óþægindum fyrir sjúklinga og erfiðara er að tryggja öryggi sjúklinga.

Hjúkrunarráð telur löngu tímabært að viðurkennd öryggismörk er varða hjúkrunarálag á deildum verði skilgreind og lögð verði fram viðbragðsáætlun sem hægt er að virkja þegar álag fer yfir skilgreind öryggismörk.

Stjórn hjúkrunarráðs telur einnig að vinna þurfi að aðgerðaráætlun um það hvernig bregðast skuli við þessum víðtæka vanda til lengri tíma.

Virðingarfyllst, stjórn hjúkrunarráðs

Guðný Friðriksdóttir formaður  
Ragnheiður Guðmundsdóttir ritari  
Petra Sif Sigmarisdóttir, skurðlækningasvið  
Edda Jörundsdóttir, skurðlækningasvið  
Anna Vilbergisdóttir, skurðlækningasvið  
Edda Sveinsdóttir, kvenna- og barnasvið  
María Guðnadóttir, kvenna- og barnasvið

Guðríður Kristín Þórðardóttir varaformaður  
Halldóra Víðisdóttir, geðsvið  
Guðrún Einarsdóttir, bráðasvið  
Guðrún Dóra Guðmannsdóttir, lyflækningasvið  
Áshildur Arnarsdóttir, lyflækningasvið  
Steinunn Ingvarsdóttir, lyflækningasvið  
Helga Harðardóttir, fjármálasvið

Afrit: Heilbrigðisráðherra, Kristján Þór Júlíusson  
Afrit: Landlæknir, Geir Gunnlaugsson  
Afrit: Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga, Ólafur G. Skúlason

HJÚKRUNARRÁÐ LANDSPÍTALANS

Eiríksgata 19 · 101 Reykjavík · Sími 543 1422 · Netfang: [hjukrunarrad Ish@landspitali.is](mailto:hjukrunarrad Ish@landspitali.is)

## Svar frá Forstjóra og framkvæmdastjórn – öryggismörk hjúkrunar



Hjúkrunarráð  
Guðný Friðriksdóttir, formaður  
Landspítala, Eiríksgötu 19

Reykjavík, 26. júní 2014

### **Erindi: Öryggismörk hjúkrunar á Landspítala**

Framkvæmdastjórn Landspítala þakkar hjúkrunarráði fyrir erindi dagsett 11. apríl 2014 og varðar öryggismörk hjúkrunar.

Framkvæmdastjórn tekur undir áhyggjur hjúkrunarráðs um fyrirsjáanlegan skort á hjúkrunarfræðingum. Sá vandi er stærri en svo að hann verði leystur innan veggja sjúkrahússins. Framkvæmdastjórn spítalans hefur lagt áherslu á lausn þess vanda gagnvart heilbrigðisyfirvöldum og munu forsvarsmenn spítalans halda áfram að beita sér í því að stuðla að aukinni áherslu á menntun heilbrigðisstétta með það lokamarkmið að þörf íslensks samfélags fyrir vel menntað og hæft heilbrigðisstarfsfólk sé mætt.

Legurýmum á Landspítala hefur fækkað undanfarin ár eins og hjúkrunarráð bendir réttilega á. Tengist það bæði lækkuðum fjárheimildum til reksturs spítalans en einnig breytingum á þjónustu með aukinni áherslu á dag- og göngudeildarþjónustu. Á sama tíma og þessar breytingar hafa átt sér stað fjölgar hinsvegar öldruðum og þeim sem haldnir eru langvinnum sjúkdómum og því hefur þörf fyrir legurými aukist á ný. Æskileg rúmanýting á sjúkrahúsum eins og Landspítala er talin vera að jafnaði um 80%. Nú er sjúkrahúsið rekið með rúmanýtingu í kringum 100% og því er svigrúm til að bregðast við álagstoppum takmarkað. Við slíkar aðstæður getur verið erfitt að tryggja sjúklingum sjúkrarúm á deildum þar sem starfar það fagfólk sem best er til þess fallið að sinna þeirra heilsufarsvandamálum. Þá er gripið til þess að leggja sjúklinga á ganga eða í rými sem ekki eru ætluð fyrir legu en þá á móti tryggt að þeir njóti sérþekkingar starfsfólks. Ljóst er að þörf er á að lækka rúmanýtingu. Það verður gert annað hvort með því að fjölga legurýmum eða með því að stytta legutíma sjúklinga. Erú framkvæmdastjórn spítalans og forstjóri að skoða þær leiðir sem eru færar í þeim efnum.

Að tryggja öryggi sjúklinga er eitt af aðal markmiðum Landspítala og höfuðáhersla hefur verið lögð á öruggan spítala í starfsáætlun undanfarinna ára. Þar er sjúklingurinn settur í öndvegi og með öruggri þjónustu við sjúklinga þá er markmiðið að ná yfir ýmiskonar öryggismörk, þar með talið öryggismörk í hjúkrun sjúklinga. Að setja öryggismörk er hinsvegar ekki einfalt verkefni, ekki síst í svo lokuðu kerfi sem íslenskt heilbrigðiskerfi er. Stöðu sinnar vegna ber Landspítala að sinna þeim sjúklingum sem til hans leita og ekki er hægt að loka sjúkrahúsinu og senda sjúklinga með flókin heilsufarsvandamál á önnur sjúkrahús þegar þrengir að á Landspítala. Okkur ber þannig skylda til að tryggja öryggi allra sjúklinga sem til okkar leita, ekki bara þeirra sem þegar eru inniliggjandi. Því skapast oft þær aðstæður að spítalinn verður að sinna fjölda sjúklinga umfram það sem gert er ráð fyrir.

Vissulega væri það skref í rétta átt að þróa slík öryggismörk og viðbragðsáætlun varðandi hjúkrun á deildum á álagstímum. Eitt skref á þessari vegferð er viðbragðsáætlun vegna

Landspítali Eiríksgötu 5, 101 Reykjavík • Sími 543 1100 • Fax 543 1112 • www.landspitali.is

sumarlokana sem var nú gerð í fyrsta sinn á Landspítala. Rafaela sjúklingaflokkunarkerfið er eitt aðalverkfærið sem við höfum í dag til að nýta í slíkri vinnu en jafnframt þyrfti að skoða hver reynsla annarra hefur verið af því að setja slík öryggismörk og hvað rannsóknir hafa sýnt í þessum efnum. Setja þyrfti viðmið varðandi þá þjónustu/verk á deildum sem aldrei má sleppa og teljast grundvallar öryggismál í meðferð sjúklinga og jafnframt skilgreina þá þjónustu sem flokkast undir æskilega þjónustu en mætti fresta eða sleppa á álagstímum. Slík viðmið tengjast öðrum öryggismörkum t.d. atvikaskráningu, svo kölluðum „never events“, gæðaviðmiðum í hjúkrun, notkun gátlista og verklýsinga, skráningu, starfsumhverfi og ýmsu fleiru sem taka þyrfti tillit til. Stöðug vinna er í gangi á Landspítala við þróun slíkra mælikvarða og hjálpartækja.

Ljóst er að þróun öryggisviðmiða fellur vel að markmiðum starfsáætlunar framkvæmdastjórnar næstu tvö árin og þarf að verða samvinnuverkefni margra. Framkvæmdastjórn þakkar ábendingar hjúkrunarráðs enda styður hún við þá vegferð sem Landspítali hefur lagt í til að bæta öryggi sjúklinga. Jafnframt mun framkvæmdastjórn fagna öllum frekari hugmyndum sem stutt geta við slíka vinnu.

Með kveðju,

Páll Matthíasson, forstjóri

## Málþing um réttindi og skyldur hjúkrunarfræðinga í krefjandi starfsumhverfi

19. mars í Hringisal kl: 12:30 - 15:30

| Dagskrá     | Fundarstjóri: <i>Gyða Baldursdóttir</i>  |
|-------------|--|
| 12:30-12:35 | Inngangsorð<br><i>Guðný Friðriksdóttir formaður hjúkrunarráðs LSH</i>  |
| 12:35-12:50 | Réttindi og skyldur hjúkrunarfræðinga<br><i>Ólafur G. Skúlason formaður Fih</i>  |
| 12:50-13:05 | Færð þú næga hvíld? Virðum hvíldartímaákvæði<br><i>Cecilie Björgvinsdóttir Sviðsstjóri kjara- og réttindasviðs Fih</i>           |
| 13:05-13:30 | Vegsemd þess og vandi að vera heilbrigðisstarfsmaður<br><i>Bryndís Hlöðversdóttir starfsmannastjóri LSH</i>                      |
| 13:30-13:50 | Gæðaeftirlit Embættis Landlæknis<br><i>Laura Sch. Thorsteinsson verkefnisstjóri í gæða og eftirlitsdeild Embættis Landlæknis</i> |
|             | Kaffi 15-20 mín  |
| 14:10-14:35 | Þarf þekking að skila sér í ábyrgðarskyldu?<br><i>Ásta S. Thoroddsen prófessor við HÍ fjallar um fagmennsku</i>                  |
| 14:35-14:50 | Fagmennska: Áskoranir og tækifæri í daglegu starfi<br><i>Sigríður Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar LSH</i>               |
| 14:50-15:30 | <b>Pallborðsumræður – allir fyrirlesarar</b>   |

VERÐUR VARPAÐ MEÐ FJARFUNDABÚNAÐI Í BLÁSALI



Málþingið er haldið á vegum hjúkrunarráðs LSH í samstarfi við HÍ, Fih og Embætti Landlæknis

### Ályktun hjúkrunarráðs Landspítala 22. maí 2014

Landspítala og hjúkrunarfræðingi á gjörgæsludeild hefur nú verið birt ákæra vegna atviks á árinu 2012. Hjúkrunarráð Landspítala harmar þetta atvik þar sem maður lést og vottar aðstandendum hans dýpstu samúð.

Hjúkrunarráð hefur ítrekað bent á að álag á Landspítalanum sé of mikið og að starfsaðstæður séu víða óviðunandi. Staðan sem nú er upp komin veldur óvissu og mun breyta starfsumhverfi allra heilbrigðisstarfsmanna.

Hjúkrunarráð Landspítala fer fram á það við stjórnvöld og stjórnendur spítalans að sett verði viðurkennd öryggismörk hjúkrunar. Jafnframt þarf að leggja fram viðbragðsáætlun við frávikum, með öryggi sjúklinga og heilbrigðisstarfsmanna að leiðarljósi.

F.h. stjórnar hjúkrunarráðs Landspítala  
Guðný Friðriksdóttir formaður hjúkrunarráðs

### Ályktun hjúkrunarráðs Landspítala vegna yfirvofandi verkfalls lækna 9. október 2014

Stjórn hjúkrunarráðs Landspítala lýsir yfir miklum áhyggjum vegna yfirvofandi verkfalls lækna. Læknar eru mikilvægur hluti heilbrigðisþjónustu og mun verkfall þeirra skerða starfsemi hennar verulega. Biðlistar eftir þjónustu munu lengjast og aukið álag verður á aðra heilbrigðisstarfsmenn sem getur haft áhrif á öryggi sjúklinga.

Ítrekað hefur verið bent á mikið álag í heilbrigðiskerfinu og skort á læknum og hjúkrunarfræðingum. Bæta þarf kjör og starfsaðstæður þeirra svo heilbrigðiskerfið á Íslandi verði samkeppnishæft við önnur lönd.

Mikilvægt er að horfa til framtíðar og tryggja að hér verði til staðar heilbrigðisstarfsfólk með færni, reynslu og þekkingu svo hægt sé að veita góða heilbrigðisþjónustu.

Stjórn hjúkrunarráðs hvetur stjórnvöld til að koma til móts við lækna í þessari deilu og leysa úr hennisem allra fyrst.

F.h. stjórnar hjúkrunarráðs Landspítala  
Guðný Friðriksdóttir formaður hjúkrunarráðs

## Umsögn um þingsályktunartillögu um byggingu nýs spítala



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2013

Varðar: Þingsályktunartillögu um byggingu nýs Landspítala.  
143. löggjafarþing 2013–2014. Þingskjal 10 — 10. mál.

Hjúkrunarráð Landspítala þakkar beiðni um umsögn er varðar byggingu nýs Landspítala.

Hjúkrunarráð fagnar þingsályktunartillögunni og ítrekar mikilvægi byggingar nýs spítala og endurnýjunar á húsakosti sem fyrst. Núverandi húsnæði er hvorki boðlegt sjúklingum né starfsmönnum og hentar ekki nútíma heilbrigðisþjónustu þar sem sjúklingar þurfa sérhæfða meðferð og flókinn tækjabúnað.

Hjúkrunarráð ítrekar mikilvægi áframhaldandi samráðs við starfsmenn spítalans varðandi undirbúning byggingarinnar til að efla enn frekar gæði og öryggi í þjónustu við sjúklinga.

Virðingarfyllt,

F.h. Hjúkrunarráðs Landspítala

Guðný Friðriksdóttir  
Formaður

HJÚKRUNARRÁÐ LANDSPÍTALANS

Eiríksgata 19 · 101 Reykjavík · Sími 543 1422 · Netfang: hjukrunarrað@landspitali.is · www.landspitali.is



**Reglulegir fræðslufundir og vika hjúkrunar starfsárið 2013-2014**

| Reglulegir fræðslufundir |   |
|--------------------------|---|
| 30.okt.2013              | <b>Starfsánægja og hrós. Fjallað um hvaða áhrif hrós hefur á hjúkrunarfræðinga og störf þeirra.</b><br>Erla Dögg Ragnarsdóttir deildarstjóri á 13 G   |
| 13.nóv.2013              | <b>Áfallapól heilbrigðiskerfa.</b><br>Guðrún Lísbet Níelsdóttir hjúkrunarfræðingur og MSc í hættu og hamfarastjórnun  |
| 26.nóv.2013              | <b>Heilabilun eða hvað? Fjallað um greiningarskilmerki og greiningaraðferðir við heilabilun.</b><br>Guðrún Karlsdóttir hjúkrunarfræðingur   |
| 08.jan.2014              | <b>Atvik eru skráð - og hvað svo?</b><br>Alma Möller yfirlæknir á Gjörgæsludeild LSH Hringbraut   |
| 29.jan.2014              | <b>Óframkvæmd hjúkrun á legudeildum lyflækninga, skurðlækninga og gjörgæslu.</b><br>Dr. Helga Bragadóttir, dósent í hjúkrunarfræðideild HÍ  |
| 12.feb.2014              | <b>Æfingar í bráðatilfellum. Þverfaglegar æfingar í bráðatilfellum fyrir starfsfólk sem kemur að fæðingum, meðgöngu og sængurlegu á Kvennadeild LSH kynntar.</b><br>Halla Björg Lárusdóttir og Halla Ósk Halldórsdóttir ljósmæður                               |
| 26.feb.2014              | <b>"Smilerinn þú" - betri en nokkur pilla! Fjallað um hvernig andleg líðan, kærleikur, sköpunarkraftur og trú geta skipt máli í lífinu og haft áhrif á heilsu okkar.</b><br>Gegga - Helga Birgisdóttir, hjúkrunarfræðingur, ljósmóðir, listakona og frumkvöðull |
| 12.03.2014               | <b>Eftirlit með sjúklingum með langvinna lungnateppu í bráðri öndunarbílun.</b><br>Sigríður Heimisdóttir hjúkrunarfræðingur á Lungnadeild   |
| 26.03.2014               | <b>Kvíði og þunglyndi hjá öldruðum sjúklingum Landspítala. Hvað getum við gert?</b><br>Sigrún Huld Þorgrímsdóttir sérfræðingur í geðhjúkrun aldraðra  |
| 24.09.2014               | <b>Ebóla og Landspítalinn.</b><br>Ólafur Guðlaugsson yfirlæknir sýkingavarnardeildar Landspítalans  |
| 08.10.2014               | <b>Samtöl um meðferðarmarkmið.</b><br>Elfa Þöll Grétarsdóttir sérfræðingur í öldrunarhjúkrun  |

**Vika hjúkrunar 2014**

|            |   |
|------------|---|
| 12.05.2014 | <b>Vika hjúkrunar sett og veggspjaldasýning opnuð</b><br>Dr. Sigríður Gunnardóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar                                |
|            | <b>Afhending styrkja úr B-hluta Vísindasjóðs</b><br>Dr. Auðna Ágústsdóttir, formaður stjórnar vísindasjóðs Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga |
|            | <b>Málþing í tilefni 10 ára afmælis göngudeildar hjartabilunar</b><br>Fundarstjóri: Bylgja Kærnested  |
|            | <b>Fræðsluerindi um hjartabilun</b> - Arnar Þór Rafnsson, hjartalæknir  |
|            | <b>Starfsemi göngudeildar hjartabilunar í 10 ár</b> - Guðbjörg Jóna Guðlaugsdóttir, hjúkrunarfræðingur  |
|            | <b>Hjartabilunarverkefnið og rannsóknarvinna</b> - Auður Ketilsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun   |
| 13.05.2014 | <b>Hjúkrunarfræðingurinn í hringiðu samskipta og samstarfs</b>  |

|                   |   |
|-------------------|---|
|                   | Vilborg G. Guðnadóttir hjúkrunardeildarstjóri á Barna- og unglingageðdeild<br>BUGL        |
| <b>14.05.2014</b> | <b>Frá streitu til sáttar. Núvitundariðkun (mindfulness) á LSH.</b>                       |
|                   | Margrét Bárðardóttir sérfræðingur í klínískri sálfræði                                    |
| <b>15.05.2014</b> | <b>Hjúkrunarbúðir: Nýjungar og nauðsynjar í hjúkrun á Landspítala</b>                     |
| <b>16.05.2014</b> | <b>Hugrenningar hjúkrunarfræðings: Um hvað snýst starfið mitt?"</b>                       |
|                   | Dr. Helga Sif Friðjónsdóttir hjúkrunardeildarstjóri Fíknigeðdeild geðsviðs<br>Landspítala |
|                   | <b>Viku hjúkrunar slitið</b>  |
|                   | Guðný Friðriksdóttir formaður hjúkrunarráðs   |
|                   | <b>Tónlistaratriði</b>  |

**Grein formanns hjúkrunarráðs í morgunblaðinu 13. Maí 2013**

Bréf til blaðsins

**Vika hjúkrunar á Landspítala 2014**

Frá Guðnýju Friðriksdóttur

Hjúkrunarráð Landspítala stendur fyrir viku hjúkrunar á spítalanum 13.-16. maí. Vika hjúkrunar er árlegur



Guðný  
Friðriksdóttir

viðburður á þessum tíma dró en 12. maí er fæðingardagur Florence Nightingale sem talin er framkvöðull nútíma-hjúkrunar. Sá dagur er haldinn hátíðlegur um allan heim og í ár undir kjörorðunum „Nurses in Force for Change“ sem gæti dýlgað „hjúkrunarfræðingar í fararbroddi breytinga“.

Í viku hjúkrunar er fjölbreytt dagskrá í boði en þá kynna hjúkrunarfræðingar og ljósmæður hluta af því mikla þróunar- og umbótastarfi sem fer fram í hjúkrun á spítalanum. Haldnir eru áhugaverðir fyrirlestar og einnig verður málþing í tilefni af 10 ára afmæli göngudeildar hjartabilunar. Þá verða settar upp hjúkrunarhöfðir þar sem sýndar verða ýmsar nýjungar og nauðsynjar í hjúkrun sjúklinga svo sem í sárameoferð, blóð- og kvíðskiltun fyrir nýrnasjúka, notkun spjaldtölva í hjúkrun og fleiri. Vegspjaldsýning verður opin 12.-23. maí en á henni verður kynntar nýjungar í starfsemi auk rannsóknar- og þróunarverkefna. Dæmi um verkefni sem kynnt verða eru verkjateymi á Landspítala og starfsemi þess; eftirfylgd með öldruðum sem útskrifast heim af bráðamóttökunni; teymi-

stjórn hjúkrunar hjá sjúklingum í lyfjameoferð vegna krabbameins og blóðsjúkdóma; að eldast með reisu, kynning á starfsemi Öldrunarþekkingadeildar K2; klínískar leiðbeiningar um mat og viðbrögð við ofbeldi í náttum samböndum og margt fleira.

Í vikunni veitir Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga 21 hjúkrunarfræðingi styrk úr vísindasjóði félagsins. Styrkirnir eru veittir árlega og er þeim ætlað að stuðla að aukinni fræðimennsku í hjúkrun. Alls veitir sjóðurinn rúmlega níu milljónir króna til fjögurra vísindarannsókana, 14 meistaraframsókna og þrennu doktorsrannsókna.

Hjúkrun sem sjálfstæð fræðigrein er í stöðugri framþróun og mikil gróska er í vísinda- og rannsóknarstarfi stéttarinnar en auk framaþreinds má nefna að nýverjið var árleg uppskeruhátid vísindastarfs á Landspítala, Vísindi á vordögum, en þar fengu fjölmargir hjúkrunarfræðingar styrki úr Vísindasjóði Landspítala vegna rannsókna sinna. Þá var Erla Kolbrún Svavarsdóttir, prófessor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og formaður fagrads í fjölskylduhjúkrun við Landspítala, útnöfnð heiðursvísindamaður Landspítala árið 2014. Mikilvægt er að halda áfram að hlúa að vísinda- og þróunarstarfi í heilbrigðisvísindum og stuðla þannig að áframhaldandi framförum í hjúkrun sjúklinga. Árleg vika hjúkrunar á Landspítala er hluti af því.

GUDNÝ FRÍÐRIKSDÓTTIR,  
formaður hjúkrunarráðs  
Landspítala.

**Heiti veggspjalda og höfundar í viku hjúkrunar 2014****VEGGSPJALDASÝNING Á VIKU HJÚKRUNAR 2014**  
UPPLÝSINGAR UM VEGGSPJÖLD OG STAÐSETNINGU ÞEIRRA

| FOSSVOGUR |  |   |  |                          |
|-----------|--|---|--|--------------------------|
| Númer     | Heiti veggspjalds  | Höfundar  | Svið/vinnustaður                                     | Staðsetning              |
| 1         | Með hreinum höndum   | Ásdís Elfarsdóttir Jelle, Heiða Björk Gunnlaugsdóttir, Ingunn Steingrimsdóttir og Ólöf Másdóttir  | Sýkingarvarnadeild/Vísinda og þróunarsvið            | Fossvogur, Pallur 2. hæð |
| 2         | Speglanir og sykursýki. Verklagsreglur fyrir hjúkrunarfræðinga sem sinna sykursjúkum fyrir/í og eftir speglanir        | Guðrún Vignisdóttir, Kristín Soffía Baldursdóttir, Margrét Þórðardóttir, Sólrún Pálsdóttir, Þorbjörg Guðbrandsdóttir og Þóra M. Gísladóttir   | Speglun 11-D og A-3 Lyflækningasvið.                 | Fossvogur, Pallur 2. hæð |
| 3         | Öndunarvélatengd lungnabólga á gjörgæsludeildum Landspítala  | Anna Reynisdóttir, Þorsteinn Jónsson, Guðrún Jónsdóttir og Alma D. Møller   | 12B gjörgæsludeild og skurðsvið.                     | Fossvogur, Pallur 2. hæð |
| 4         | Húðsýking: Fræðsla og forvarnir  | Berglind Guðrún Chu   | A7 lyflækningasvið LSH Fossvogi                      | Fossvogur, Pallur 2. hæð |
| 5         | Samskiptaboðorðin  | Aðalbjörg Stefania Helgadóttir  | 23-D Kvenna- og barnasvið                            | Fossvogur, Pallur 2. hæð |
| 6         | Verkjateymi á Landspítala  | Sigríður Zoëga, Kári Hreinsson, Guðmundur Björnsson og Gísli Vígfússon  | Skurðlækningasvið, deild 10E                         | Fossvogur, Pallur 2. hæð |
| 7         | Blóðsýkingar af völdum miðbláæðaleggja á gjörgæslu-deildum Landspítala   | Melkorka Viðisdóttir, Þorsteinn Jónsson, Guðrún Jónsdóttir og Alma D. Møller  | Gjörgæsludeild, skurðsvið                            | Fossvogur, Pallur 2. hæð |
| 8         | Hip fractures among people 67 years and older attending the emergency department at Landspítali 2008-2012              | Sigrún Sunna Skúladóttir, Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir, Elsbet Guðmundsdóttir, Ingibjörg Sigurbórsdóttir, Lovísa Jónsdóttir, Hlíf Guðmundsdóttir og Helga Rósa Másdóttir                     | Bráðadeild Fossvogi                                  | Fossvogur, Pallur 2. hæð |
| 9         | Revisits of older adults to the emergency departments at Landspítali University Hospital in Reykjavík.                 | Ingibjörg Sigurbórsdóttir, Hlíf Guðmundsdóttir, Helga Rósa Másdóttir, Lovísa Agnes Jónsdóttir, Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir og Sigrún Sunna Skúladóttir.                                     | Bráðadeild G-2 og Göngu og bráðadeild G-3 - Bráðsvið | Fossvogur, Pallur 2. hæð |
| 10        | Visits by elderly people to the emergency department at the Landspítali University Hospital in Reykjavík from 2008-12. | Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir, Elsbet Guðmundsdóttir, Helga Rósa Másdóttir, Hlíf Guðmundsdóttir, Ingibjörg Sigurbórsdóttir, Lovísa Jónsdóttir, Sigrún Helga Lund og Sigrún Sunna Skúladóttir. | Bráða- og lyflækningasvið                            | Fossvogur, Pallur 2. hæð |
| 11        | Verkefni bráða-lyflækningadeildar  | María Vigdís Sverrisdóttir  | Bráðalyflækninga-deild A-2, Lyflækningasviði         | Fossvogur, Pallur 2. hæð |
| 12        | Að eldast með reisn, kynning á strafsemi öldrunarlækninga-deildar, K-2   | Dórothea Bergs, Jóhanna Friðriksdóttir og Sigríður Ólafsdóttir  | Öldrunarlækninga-deild K-2, Landakoti                | Fossvogur, Pallur 2. hæð |
| 13        | My grandma is in the emergency department again  | Hlíf Guðmundsdóttir, Helga Rósa Másdóttir, Ingibjörg Sigurbórsdóttir, Lovísa Agnes Jónsdóttir og Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir  | Bráðasvið og lyflækningasvið                         | Fossvogur, Pallur 2. hæð |
| 14        | Skilgreind viðmið fyrir bráð bólguviðbrögð (SIRS) á tveggja mánaða tímabili á bráðamóttöku Landspítala                 | Þorsteinn Jónsson og Guðbjörg Pálsdóttir  | Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og Bráðasvið LSH | Fossvogur, Pallur 2. hæð |
| 15        | Þrýstingsssár á Landspítala-Algengi, alvarleiki, áhættumat og forvarnir  | Guðbjörg Pálsdóttir og Guðrún Sigurjónsdóttir   | Sáramiðstöð og Grensás, Skurð- og Lyflækningasvið    | Fossvogur, Pallur 2. hæð |
| 16        | Fish derived extra cellular matrix on hard to heal wounds  | Guðbjörg Pálsdóttir   | Sáramiðstöð, Skurðlækningasvið                       | Fossvogur, Pallur 2. hæð |

# VEGGSPJALDASÝNING Á VIKU HJÚKRUNAR 2014

## UPPLÝSINGAR UM VEGGSPJÖLD OG STAÐSETNINGU ÞEIRRA

| HRINGBRAUT |  |   |   |                           |
|------------|--|---|---|---------------------------|
| Númer      | Heiti veggspjalds  | Höfundar  | Svið/vinnustaður  | Staðsetning               |
| 1          | Smith-Magenis heilkenni  | Purður Jónsdóttir   | Hjúkrunarfræðingur á líknardeild LSH Kópavogi                     | Hringbraut, Kringla       |
| 2          | Með hreinum höndum   | Ásdís Elfarsdóttir Jelle, Heiða Björk Gunnlaugs-dóttir, Ingunn Steingrímsdóttir og Ólöf Mäsdóttir   | Sýkingarvamideild/Visinda og þróunarsvið                          | Hringbraut, Kringla       |
| 3          | Öndunarvælatengd lungnabólga á gjörgæsludeildum Landspítala  | Anna Reynisdóttir, Þorsteinn Jónsson, Guðrún Jónsdóttir og Alma D. Möller   | 12B gjörgæsludeild og skurðsvið.                                  | Hringbraut, Kringla       |
| 4          | Húðsýking: Fræðsla og forvarnir  | Berglind Guðrún Chu   | A7 - Lyflækningasvið  | Hringbraut, Kringla       |
| 5          | Samskiptaboðorðin  | Aðalbjörg Stefania Helgadóttir  | 23-D Kvenna- og barnasvið   | Hringbraut, Kringla       |
| 6          | Líðan dagaðgerðarsjúklinga eftir svæfingu: Samanburður þeirra sem fóru í kvensjúkdóma- og bæklunaraðgerðir       | Þórdís Borgþórsdóttir og Herdís Sveinsdóttir  | Svæfingadeild 12- cd, Hringbraut. Skurðlækningasvið               | Hringbraut, pallur 2. hæð |
| 7          | Quality pain management in the hospital setting – a concept evaluation   | Sigríður Zoëga, Sigríður Gunnarsdóttir og Deb B. Gordon   | Skurðlækningasvið, deild 10E                                      | Hringbraut, pallur 1. hæð |
| 8          | Verkjateymi á Landspítala  | Sigríður Zoëga, Kári Hreinsson, Guðmundur Björnsson og Gísli Vígfússon  | Skurðlækningasvið, deild 10E                                      | Hringbraut, pallur 1. hæð |
| 9          | Blóðsýkingar af völdum miðbláæðaleggja á gjörgæslu-deildum Landspítala   | Melkorka Viðisdóttir, Þorsteinn Jónsson, Guðrún Jónsdóttir og Alma D. Möller  | Gjörgæsludeild, skurðsvið   | Hringbraut, Kringla       |
| 10         | Líkamleg einkenni dagaðgerðarsjúklinga sem fara í svæfingu 24 klukkustundum og fjórum dögum eftir aðgerð.        | Herdís Sveinsdóttir, Lára Borg Ásmundsdóttir, María T. Ásgeirsdóttir, Þórdís Borgþórsdóttir, Guðbjörg S. Ragnarsdóttir og Kolbrún Albertsdóttir | 12 CD Svæfingadeild   | Hringbraut pallur 2 hæð   |
| 11         | Starfsemi göngudeilda hjartabilunar  | Guðbjörg Jóna Guðlaugsdóttir, Auður Ketilsdóttir, Inga V. Ólafsdóttir, Ragnhildur B. Karlsdóttir  | Göngudeild hjartabilunar – Hjartagátt- Lyflækningasvið.           | Hringbraut, Kringla       |
| 12         | Mikilvægi kjarnhita fyrir, í og eftir skurðaðgerðir  | Þórunn Kjartansdóttir   | 12CD Skurðsvið  | Hringbraut, Kringla       |
| 13         | Klínískar leiðbeiningar um mat og viðbrögð við ofbeldi í nánum samböndum   | Páll Biering, dósent og Valgerður Lísá Sigurðardóttir sérfræðiljósmyndir og klínískur lektor.   | Kvenna og barnasvið LSH og Hjúkrunarfræðideild HÍ                 | Hringbraut, Kringla       |
| 14         | Verkjæftirlit svæfingarhjúkrunarfræðinga 12CD LSH Hringbraut   | Guðbjörg H. Erlingsdóttir, Guðlín K. Jónsdóttir, Guðrún Árnadóttir, Inga Þórunn Karlsdóttir og Margrét Felixdóttir                              | Svæfingadeild 12 CD Hringbraut                                    | Hringbraut, pallur 2. hæð |
| 15         | Alvarleg munnslímhúðarbólga hjá börnum með krabbamein á Íslandi, algengi, tíðni og áhrifaþættir.                 | Oddný Kristinsdóttir, Ólafur Gísli Jónsson og Guðrún Kristjánsdóttir  | Barnadeild 22ED – Kvenna og barnasvið                             | Hringbraut, Kringla       |
| 16         | Afleiðingar alvarlegrar munnslímhúðarbólgu hjá börnum með krabbamein á Íslandi                                   | Oddný Kristinsdóttir, Ólafur Gísli Jónsson og Guðrún Kristjánsdóttir  | Barnadeild 22ED – Kvenna og barnasvið                             | Hringbraut, Kringla       |
| 17         | Nurse Navigation fyrir sjúklinga í lyfjameðferð með krabbamein og blóðsjúkdóma                                   | Hrefna Magnúsdóttir og Ragna Dóra Rúnarsdóttir  | Lyflækningasvið/ dag- og göngudeild blóð- og krabbameins-lækninga | Hringbraut, pallur 1. hæð |
| 18         | Speglanir og sýkursýki. Verklags-reglur fyrir hjúkrunarfræðinga sem sinna sýkursjúkum fyrir/í og eftir speglanir | Guðrún Vignisdóttir, Kristín Soffía Baldursdóttir, Margrét Þórðardóttir, Sólrún Pálsdóttir, Þorbjörg Guðbrandsdóttir og Þóra M. Gísladóttir     | Speglun 11-D og A-3 lyflækningasviði LSH                          | Hringbraut, Kringla       |
| 19         | Þrýstingsár á Landspítala-Algengi, alvarleiki, áhættumat og forvarnir  | Guðbjörg Pálsdóttir og Guðrún Sigurjónsdóttir   | Sáramiðstöð og Grensás, Skurð- og Lyflækningasvið                 | Hringbraut, Kringla       |
| 20         | Fish derived extra cellular matrix on hard to heal wounds  | Guðbjörg Pálsdóttir   | Sáramiðstöð, Skurðlækningasvið                                    | Hringbraut, Kringla       |
| 21         | Nám og kennsla í hjúkrun á Landspítala: Flottar fyrirmyndir  | Auðna Ágústsdóttir  | Menntadeild   | Hringbraut, Kringla       |
| 22         | Málástjórahlutverkið í geðhjúkrun  | Eliás Jón Sveinsson, Eydis K. Sveinbjarnardóttir, Guðfinna Ásta Jónsdóttir ofl.   | Göngudeild endurhæfingar, Kleppi, Geðsvið                         | Hringbraut, Kringla       |